



Ársskýrsla
Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar
2021-2022

Ársskýrsla Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2021-2022

Ritstjórar: Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Forsíðumynd er tekin af starfsmanni Heiðarskóla við upptökur á sameiginlegu atriði skólahóps og 1. bekks í tilefni af Fullveldishátíð.

Skýrslan er aðgengileg á vef Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar	6
2.1	Hagnýtar upplýsingar um skólann	6
2.2	Breytingar og viðhald	6
3	Skóladagatöl 2021-2022	7
3.1	Skóladagatal Skýjaborgar	8
3.2	Skóladagatal Heiðarskóla	9
4	Starfsmenn	10
4.1	Breytingar í starfsmannahópnum	12
4.2	Stjórnun og verkaskipting	13
4.3	Upplýsingaflæði	13
4.4	Skipulagsdagar	13
4.5	Fundir	14
4.6	Símenntun	15
4.7	Námskeið og ráðstefnur	15
5	Áherslur vetrarins 2021-2022	18
5.1	Skólanámskrá	18
5.2	Umhverfismennt	18
5.3	Skólasamstarf	21
6	Mat á skólastarfi	23
6.1	Innra mat	23
6.2	Ytra mat	23
7	Nám og kennsla	24
7.1	Fjöldi barna í Heiðarskóla	24
7.2	Fjöldi barna í Skýjaborg	24
7.3	Sameiginlegar skýrslur 2021-2022	25
	Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk og starfsmanns í Skýjaborg	25
	Skýrsla sérkennara 2021-2022	26
7.4	Skýrslur Heiðarskóla 2021– 2022	27
	Teymisskýrsla yngsta stigs vorið 2022	27
	Teymisskýrsla miðstigs vorið 2022	30
	Teymi unglingastigs vorið 2022	33
	Skýrsla List- og verkgreinakennara vorið 2022	37
	Skólaíþróttir vorið 2022	40

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa vorið 2022.....	42
Skýrsla frá starfsfólki í tómstund vorið 2022.....	43
Íslenskukennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í Heiðarskóla	43
Skýrsla frá starfsfólki í frístund vorið 2022	44
Skýrsla frá starfsfólki í vorfrístund.....	45
Skýrsla frá umsjónarmanni bókasafns Heiðarskóla vorið 2022.....	45
Samantekt tölvuumsjónarmanns vorið 2021	47
Samantekt matráðs vorið 2022	47
7.5 Skýrslur Skýjaborgar 2021-2022.....	47
Deildarskýrsla Regnbogans 2021-2022	48
7.6 Dagar og viðburðir á skólaárinu	52
Skýjaborg52	
Heiðarskóli	55
8 Foreldrasamstarf	60
8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	60
8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.....	61

1 Inngangur

Þessi ársskýrsla inniheldur upplýsingar um starfsemi Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar skólaárið 2021-2022. Markmið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um skólastarfið. Að gerð skýrslunnar koma allir starfsmenn skólans með einum eða öðrum hætti. Skólastjórar, Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir, ritstýra verkinu.

Skýrslan er send til fræðslunefndar, til skólaráðs og foreldrafélags, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Samkomutakmarkanir vegna covid-19 lituðu stóran hluta af skólaárinu eins og síðustu tvö þar á undan. Foreldrum og utanaðkomandi gestum var ekki heimilt að koma inn í skólabyggingarnar stóran hluta skólaársins nema brýna nauðsyn bæri til.

Í Skýjaborg voru fjöldatakmarkanir á foreldrum í fataherbergjum, hámark tveir í einu og grímuskylda foreldra sem og annarra fæddir 2005 eða fyrr. Reynt var að hafa útiveru í lok dags til að minnka viðveru foreldra í fataherbergjum. Það náðist að halda haustfundi fyrir foreldra í september þar sem deildarstjórar kynntu vetrarstarf deildanna. Aðventu-, konu- og karlakaffi féllu niður vegna samkomutakmarkana, en ákveðið var að bæta það upp með foreldrakaffi þann 17. maí.

Í Heiðarskóla voru fjöldatakmarkanir í hópum, grímuskylda, fjarlægðarmörk og lítið um foreldrasamskipti á tímabili. Fella þurfti niður ýmsa viðburði eða aðlaga. Gildandi fjöldatakmarkanir hverju sinni hentuðu hins vegar vel fyrir nemenda- og starfsmannafjölda Heiðarskóla og ekki þurfti að fara í umfangsmiklar skipulagsbreytingar líkt og oft áður.

Hvalfjarðarsveit, 2022

Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar
Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla

2 Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla undir eina stjórn haustið 2011. Skólinn er rekinn á tveimur starfsstöðvum, leikskólinn í Melahverfi og grunnskólinn við Leirá. Skólinn er grænfánaskóli og leggur áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og útinám. Unnið er með byrjenda- og leikskólalæsi. Einkunnarorð skólans eru vellíðan, virðing, metnaður og samvinna.

Skýjaborg er tveggja deilda leikskóli með um 40 börn á aldrinum 1-6 ára. Leikskólinn stendur í Melahverfi í miðri Hvalfjarðarsveit, en mjög stutt er að sækja í ósnortna náttúru allt í kring, móa, kletta og trjágróður. Í leikskólanum er lögð áhersla á leik með opinn efnivið og lýðræði og þátttöku barna í skólastarfinu. Unnið er eftir hugmyndafræði John Dewey um nám í gegnum reynslu, kenningum Caroline Pratt um opinn efnivið og kenningum Howard Gardner um fjölgreindir.

Heiðarskóli er grunnskóli með um 90 nemendur í 1. - 10. bekk. Árið 2011 var skólinn fluttur í nýtt húsnæði. Skólinn stendur við Leirá, stutt er í ósnortna náttúru og skemmtileg skólalóð er við skólann. Í skólanum er lögð áhersla á umhverfismennt, spjaldtölvunotkun og uppbyggingu sjálfsgæða - uppleið til ábyrgðar.

2.1 Hagnýtar upplýsingar um skólann

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar
Heimasíða: www.skoli.hvalfjardarsveit.is

Grunnskólasvið:
Heiðarskóli
301 Akranes
s: 433 8525
Skólastjóri: Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Leikskólasvið:
Skýjaborg
Innrimel 1, 301 Akranes
s: 433 8530
Skólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

2.2 Breytingar og viðhald

Skýjaborg: Settur var annar burðarbiti undir pall á stóra kastala. Í vetur var keypt borð í listasmiðju Dropa sem fest var á vegginn ásamt einum skáp undir einingakubba á Dropanum. Vaskur í listasmiðju Regnboga var færður upp í vinnuhæð fullorðinna. Á klósetti Dropamegin var starfsmannavaski skipt út fyrir annan stærri, djúpan stálvas. Á klósetti Regnbogamegin voru barnavöskunum tveimur skipt út fyrir einn langan stálvas. Ný hurð var sett á dótaskúr þar sem sú sem var fyrir fauk upp og skemmdist í vetur. Þann 3. mars kom starfsmaður frá Verkís og tók út leikskólann með tilliti til loftgæða og gerði ástandsskoðun. Þann 4. mars var Dropanum lokað vegna rakaskemmda og myglu. Strax var farið í viðgerðir. Tekin var dúkur af hvíldarherbergi, flísar af klósetti og hluta af veggnum þar á milli. Nýjar flísar voru lagðar og herbergi dúkað. Veggurinn var byggður upp aftur. Hvíldarherbergi og klósett málað. Öll deildin var þrífín mjög vel. Í lok mars var stóru blöndunartækjunum skipt út í eldhúsi fyrir ný. Í apríl voru settar upp nýjar (notaðar) rólur, en þær sem voru fyrir voru ónýtar. Sumar 2022 var búr málað og í þvottahúsi var málað, einn veggur klæddur að nýju og hillur og pallur undir þvottavél og þurrkara endurnýjað. Nýrri hluti leikskólans var málaður allur að utan (veggir / gluggar og hurðir). Öll

gólefni í leikskólanum voru yfirfarin með tilliti til endurkíttunar. Fíbo baðplötur voru endurnýjaðar á snyrtingu fatlaðra (útiklósett Regnboga). Skipt var um klæðningu á útvegg í anddyri.

Heiðarskóli: Á haustönn kom starfsmaður frá Verkís og gerði ástandsskoðun á Heiðarskóla með tilliti til raka og loftgæða. Í kjölfarið var hluta af list- verkgreinarými lokað ásamt hluta af mötuneyti og þegar hafist handa við lagfæringar. Meðan á framkvæmdum stóð kom í ljós að óeðlilega hátt rakastig var í steyptri gólfplötu skólans. Ástæðan fyrir því var að frárennslisrör upp við bygginguna var í sundur og vatn streymdi undir skólann. Það var lagað. Skipt var um gólfduk í smíðastofu, hluta af gólfduk í alrými verkgreinastofa og hluta í myndmennt. Frágangur við vaska og niðurföll var lagaður. Flísar voru settar við rýmingarútganga. Hluti mötuneytis var yfirfarinn með tilliti til efnis, frágangs og raka. Við ástandsskoðun Verkís kom einnig í ljós að víða þarf að laga frágang við niðurföll og útveggi við rýmingarhurðir. Öll baðherbergi voru máluð og flísar yfirfarnar með tilliti til endurkíttunar. Þessar lagfæringar fóru fram í sumar ásamt umfangsmikilli lagfæringu á þaki skólans. Endurnýjun á þaki millibyggingar Heiðarskóla fór fram í sumar, þakpappi og járn endurnýjan og þakklæðning sett á lektur. Allt rakarvarnarlag í millibyggingunni var yfirfarið og endurnýjað, salur og tónmenntastofa málað. Settar voru upp merkingar við slökkvitæki. Farið var yfir opnanlega glugga, krana og hurðarhúna. Í desember 2021 var félagsrýmið málað og gangur á miðstigsgangi.

3 Skóladagatöl 2021-2022

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar gefur út tvö skóladagatöl, eitt fyrir Skýjaborg og annað fyrir Heiðarskóla. Skóladagatölin eru samræmd eins og kostur er til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á auknu samstarfi milli sviða. Skóladagatölin eru samþykkt af Skólaráði og Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar að vori.

3.1 Skóladagatal Skýjaborgar

Leikskóladagatal 2021 - 2022											
Samband íslenskra sveitarfélaga											
Nafn leikskóla:											
Stýjaborg											
AGUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1. M	1. F	1. F	1. M	1. M	1. L	1. Þ	1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. F
2. F	2. L	2. L	2. Þ	2. F	2. S	2. M	2. M	2. L	2. M	2. F	2. L
3. F	3. S	3. S	3. M	3. F	3. M	3. F	3. F	3. S	3. Þ	3. F	3. S
4. L	4. M	4. F	4. F	4. L	4. Þ	4. F	4. F	4. M	4. M	4. L	4. M
5. S	5. Þ	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. L	5. L	5. Þ	5. F	5. S	5. Þ
6. M	6. M	6. M	6. L	6. M	6. F	6. S	6. S	6. M	6. F	6. M	6. M
7. Þ	7. F	7. F	7. S	7. F	7. F	7. M	7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. F
8. M	8. Þ	8. Þ	8. M	8. M	8. L	8. Þ	8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. F
9. F	9. L	9. L	9. Þ	9. F	9. S	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F	9. L
10. F	10. S	10. S	10. M	10. F	10. M	10. F	10. F	10. S	10. Þ	10. F	10. S
11. M	11. M	11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. F	11. F	11. M	11. M	11. L	11. M
12. S	12. Þ	12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. L	12. L	12. Þ	12. S	12. S	12. Þ
13. M	13. M	13. M	13. L	13. M	13. F	13. S	13. S	13. M	13. F	13. M	13. M
14. L	14. Þ	14. Þ	14. S	14. Þ	14. F	14. M	14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. F
15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. L	15. Þ	15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. F
16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. S	16. M	16. M	16. L	16. F	16. F	16. L
17. F	17. F	17. F	17. M	17. F	17. M	17. F	17. F	17. S	17. F	17. S	17. S
18. L	18. L	18. L	18. F	18. L	18. Þ	18. F	18. F	18. M	18. M	18. L	18. M
19. S	19. Þ	19. Þ	19. F	19. S	19. M	19. L	19. L	19. Þ	19. F	19. S	19. Þ
20. M	20. M	20. M	20. L	20. M	20. F	20. S	20. S	20. M	20. F	20. M	20. M
21. Þ	21. L	21. L	21. S	21. Þ	21. F	21. M	21. M	21. Þ	21. L	21. Þ	21. F
22. M	22. F	22. F	22. M	22. M	22. L	22. Þ	22. Þ	22. F	22. S	22. F	22. F
23. F	23. L	23. L	23. Þ	23. F	23. S	23. M	23. M	23. L	23. M	23. L	23. L
24. F	24. S	24. S	24. M	24. F	24. M	24. F	24. F	24. S	24. F	24. S	24. S
25. M	25. M	25. F	25. F	25. L	25. Þ	25. F	25. F	25. M	25. M	25. M	25. M
26. S	26. Þ	26. Þ	26. F	26. S	26. M	26. L	26. L	26. Þ	26. F	26. S	26. S
27. M	27. F	27. F	27. M	27. M	27. F	27. S	27. S	27. M	27. F	27. M	27. M
28. F	28. L	28. L	28. S	28. Þ	28. F	28. M	28. M	28. F	28. L	28. Þ	28. F
29. F	29. F	29. F	29. M	29. M	29. L	29. Þ	29. Þ	29. F	29. S	29. M	29. F
30. L	30. M	30. M	30. Þ	30. F	30. S	30. M	30. M	30. L	30. M	30. L	30. L
31. S	31. F	31. F	31. M	31. F	31. M	31. F	31. F	31. S	31. Þ	31. S	31. S

3.2 Skóladagatal Heiðarskóla

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla:

Heiðarskóli

ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 M	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 P	1 P	1 F	1 S	1 M
2 F	2 F	2 L	2 P	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F
3 F	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 P	3 F
4 L	4 L	4 M	4 F	4 L	4 P	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 S	5 S	5 P	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 P	5 F	5 S
6 M	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M
7 P	7 P	7 F	7 S	7 P	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 P
8 M	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 P	8 P	8 F	8 S	8 M
9 F	9 F	9 L	9 P	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 P	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 P	10 F
11 L	11 L	11 P	11 F	11 L	11 P	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 S	12 S	12 P	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 P	12 F	12 S
13 M	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 P	14 P	14 F	14 S	14 P	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 P
15 M	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 P	15 P	15 S	15 S	15 M
16 F	16 F	16 L	16 P	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 P	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 P	17 F
18 L	18 M	18 P	18 F	18 L	18 P	18 M	18 M	18 M	18 M	18 L
19 S	19 F	19 M	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 P	19 F	19 S
20 M	20 M	20 M	20 L	20 F	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 P	21 P	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 P	21 P
22 M	22 M	22 F	22 M	22 P	22 L	22 P	22 P	22 F	22 S	22 M
23 F	23 L	23 M	23 F	23 M	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 P	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 P	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 P	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F	26 S	26 P	26 F	26 M	26 M	26 L	26 L	26 P	26 F	26 S
27 P	27 M	27 L	27 F	27 M	27 P	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L	28 P	28 F	28 M	28 P	28 F	28 M	28 M	28 L	28 L	28 P
29 S	29 M	29 L	29 M	29 M	29 F	29 L	29 P	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 P	30 S	30 F	30 M	30 S	30 M	30 L	30 M	30 F
31 P	31 S	31 M	31 F	31 P	31 M	31 F	31 F	31 P	31 P	31 F

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru firm og skulu ákveðin af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólafjöra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

4 Starfsmenn

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir stöðugildi og starfsfólk Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, starfsheiti þeirra, ráðningarhlutfall og helstu athugasemdir varðandi ráðningu og leyfi.

Á skólaárinu störfuðu samtals 51 manns, allt skólaárið eða að hluta, við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Þar af voru t.d. 3 starfsmenn í leyfi allt skólaárið og 3 ráðnir sumarstarfsmenn í Skýjaborg (þar af einn vegna aukningu á barngildum).

	Nafn	Starfsheiti:	Ráðningar hlutfall	Athugasemdir:
	Heiðarskóli:			
1	Arna Kristín Sigurðardóttir	Grunnskólakennari		Í leyfi
2	Berglind Bergsdóttir	Umsjónarkennari á unglingastigi	100	
3	Bjarki Rúnar Ívarsson	Stuðningsfulltrúi	73	Hóf störf 12.01.22
4	Einar Sigurdór Sigurðsson	Umsjónarkennari á unglingastigi	100	
5	Erna Elvarsdóttir	Skólaliði	91	
6	Erna Rafnsdóttir	Leiðbeinandi	70	Textíl og heimilisfræði
7	Ewelina Kamila Gaciarska	Skólaliði	100	Aðstoð í mótuneyti og frístund
8	Halldóra Andrédóttir	Stuðningsfulltrúi	88	
9	Harpa Ósk Lárusdóttir	Stuðningsfulltrúi	63 - 69	Hætti störfum 8.02.22
10	Hekla Karen Steinarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	62 - 73	Hætti störfum 31.12.21
11	Helena Bergström	Myndmennt og smíði og umsjón með Grænfána	100	
12	Hildur Jónsdóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi og tónmennt	100	
13	Hjördís Birna Gunnlaugsdóttir	Skólaliði	75 – 83 - 88	
14	Jóhanna S Vilhjálmisdóttir	Stuðningsfulltrúi	50	
15	Karólína Sif Ísleifsdóttir	Stuðningsfulltrúi	69	Hóf störf 23.02.22
16	Katrín Rós Sigvaldadóttir	Kennsla og námsráðgjöf	100	
17	Ólöf Guðmundsdóttir	Sérkennari	100	Þar af 20 í Skýjaborg
18	Sigríður Kristjánsdóttir	Matráður	100	
19	Sigríður Lára Guðmundsdóttir	Skólastjóri	100	
20	Sigrún Vigdís Gylfadóttir	Sérkennari	100	
21	Sigurður Tómasson	Umsjónarkennari á miðstigi og umsjón með tölvum	100	
22	Sigurður Þ. Sigurþórsson	Aðstoðarskólastjóri og kennsla á miðstigi	100	
23	Sóley Bára Bergsteinsdóttir	Umsjónarkennari á miðstigi og umsjón með bókasafni.	100	
24	Sólrún Jörgensdóttir	Skólaliði	91	
25	Sólrún Sigþórsdóttir	Leiðbeinandi íþróttakennsla	95	
26	Valdís María Stefánsdóttir	Stuðningsfulltrúi 75 og frístund 25	100 - 94	
27	Þórdís Þórisdóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi	100	Þar af 20 í Skýjaborg
28	Örn Arnarson			Í leyfi
		Starfandi stöðugildi í upphafi skólaárs:	21,85	Þar af 0,4 í Skýjaborg
		Starfandi stöðugildi í lok skólaárs:	22,09	Þar af 0,4 í Skýjaborg

	Nafn	Starfsheiti:	Ráðningar hlutfall	Athugasemdir:
	Skýjaborg:			
1	Agnieszka Aurelia Korpak	Deildarstjóri	100	
2	Aldís Ósk Sævarsdóttir	Háskólamenntaður leiðbeinandi	100	Leyfi/fæðingarorlof frá 11.03.2022
3	Aníta Rún Óskarsdóttir	Ræstitæknir	38	
4	Aurelia Solovei	Háskólamenntaður leiðbeinandi	30-50	50% 1.9.-30.11. 30% 1.12.2021-2.2.2022 Leyfi frá 3.2.2022. Féll frá 3. apríl
5	Árdís Hauksdóttir	Leiðbeinandi	100	
6	Ásdís Björg Björgvinsdóttir	Leiðbeinandi		Sumar-afleysing 2022
7	Bára Tómasdóttir	Leikskólakennari / deildarstjóri	100	Afleysing deildarstjóra frá 18. mars-sumarlokun
8	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100	
9	Fanney Rún Ágústsdóttir Sæland	Leiðbeinandi		Sumar-afleysing 2022
10	Guðbjörg G. Benjamínsdóttir	Matráður	100	
11	Guðlaug Sif Hafsteinsdóttir	Leiðbeinandi	100	Frá 3.1.2022-sumarlokun
12	Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	46	
13	Hulda Margrét Brynjarsdóttir	Leiðbeinandi	100	Ráðin til eins árs. Hætti störfum 31.5.2022
14	Hugrún Björt Hermannsdóttir	Leiðbeinandi	71	Ráðin til eins árs
15	Inga Lóa Karvelsdóttir	Háskólamenntaður leiðbeinandi		Afleysing af og til
16	Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi	100	Ráðin til eins árs
17	Karina Alexsandra Podlowska	Leikskólakennari	91-100	91% frá 31.1.-13.3. 100% frá 14.3.2022-sumarlokun
18	Kinga Korpak	Leiðbeinandi	100	Frá 15.3.2022-sumarlokun
19	Lilja Gréta Kristjánsdóttir	Leikskólakennari	71	Leyfi allt skólaárið
20	Lilja Rós Hjálmarsdóttir	Leiðbeinandi		Sumar-afleysing 2022
21	Sigurbjörg Friðriksdóttir	Deildarstjóri	100	Leyfi 15.3.-4.5. 50% frá 5.5.-3.6.
22	Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi og aðstoðarmatráður	100	0,857 og 0,143
23	Védís Friða Kristjánsdóttir	Leiðbeinandi	100	Ráðin til 31.12.2021
		Stöðugildi í upphafi skólaárs:	12,7	
		Stöðugildi í lok skólaárs:	13,4	Fjölgun barna

Stöðugildapörf í Skýjaborg reiknaðist eftirfarandi fyrir skólaárið 2021-2022:

	Upphaf skólaárs	Lok skólaárs
Stjórnun	1	1
Eldhús	1	1
Grunnstöðugildi	6,8125	7,1125
Sérkennsla	0,875	0,875
Undirbúningur skv. kjarasamningum	0,775	0,9125

Undirbúningur leiðbeinenda	X	0,15
Afleysing 8,33%	0,8070	0,8320
Alls	11,2695	11,8820
Stytting vinnuvikunnar: „Alls“ – 1,1375 (ekki stytting á EJR og ÞÞ)=X. $X/0,875 + 1,1375 =$ Samtals		
Samtals	12,7169	13,4169

Sérkennsluþörf leikskólans skiptist eftirfarandi: 0,875 stöðugildi vegna tvítyngdra barna. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.


4.1 Breytingar í starfsmannahópnum

Í Skýjaborg voru Aldís Ósk Sævarsdóttir, Hulda Margrét Brynjarsdóttir, Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir og Védís Fríða Kirstjánsdóttir ráðnar til starfa að hausti. Árdís Hauksdóttir fékk fastráðningu og Hugrún Björt Hermannsdóttir áframhaldandi ráðningu. Védís var fram að áramótum, Aldís fór í leyfi/fæðingarorlof í mars og Hulda hætti störfum í lok maí. Aníta Rún Óskarsdóttir tók við stöðu ræstitækis að hausti, en Kristel Guðmundsdóttir sagði upp störfum og hætti sumarið 2021. Aurelia Solovei fór úr 100% stöðu í 30-50% starf að hausti, fór í veikindaleyfi í byrjun febrúar og féll frá 3. apríl. Guðlaug Sif Hafsteinsdóttir og Karina Aleksandra Podlowska voru ráðnar til starfa í janúar og Kinga Korpak í mars. Sigurbjörg fór í leyfi 15.3.-4.5. og tók Bára Tómasdóttir við deildarstjórastöðu þá.

Í Heiðarskóla voru Hjördís Birna Gunnlaugsdóttir og Erna Elvarsdóttir ráðnar til starfa að hausti í stöður skólaliða. Harpa Ósk Lárusdóttir og Hekla Karen Steinarsdóttir voru ráðnar inn í tímabundna ráðningu að hausti í stöður stuðningsfulltrúa. Harpa Ósk hætti störfum í febrúar og í hennar stað var ráðin Karólína Sif Ísleifsdóttir. Hekla Karen Steinarsdóttir hætti störfum um áramót og í hennar stað var ráðinn Bjarki Rúnar Ívarsson. Erna Rafnsdóttir og Sólrún Sigþórsdóttir voru ráðnar til eins árs í leiðbeinendastöður. Sóley Bára Bergsteinsdóttir var ráðin í kennarastöðu til eins árs. Örn Arnarson og Arna Kristín Sigurðardóttir voru í leyfi allt skólaárið. Örn sagði upp störfum í lok skólaársins.

4.2 Stjórnun og verkaskipting

Nýtt skipurit tók gildi haustið 2017.



4.3 Upplýsingaflæði

Upplýsingum frá skólanum er komið á framfæri með ýmsum hætti, m.a. með:

- Skólafréttabréfi sem skólastjórnar senda á alla starfsmenn skólans í lok hverrar viku. Bréfið, sem sent er í tölvupósti, inniheldur upplýsingar um hvað er framundan í skólastarfinu.
- Upplýsingum á heimasíðu skólans, en hún er notuð til að koma á framfæri ýmsum fréttum og tilkynningum auk þess sem hún hefur að geyma allar útgefnar skýrslur skólans, skóladagatöl, og hagnýtar upplýsingar.
- Upplýsingapóstur í tölvupósti frá umsjónakennurum til foreldra Heiðarskóla reglulega.
- Fréttabréf frá stjórnendum eða umsjónarkennurum Heiðarskóla einu sinni til tvisvar á skólaárinu.
- Upplýsingapóstur í tölvupósti frá deildarstjórum til foreldra í Skýjaborg reglulega.
- Opnum Facebook síðum Skýjaborgar og Heiðarskóla.

4.4 Skipulagsdagur

Einn sameiginlegur skipulagsdagur/endurmenntunardagur var á skólaárinu.

- 16. ágúst: Rafrænt erindi frá Vinnuvernd: „Jákvæð samskipti – Á þínum vinnustað“ og „Mín leið við streitu – Gagnlegar leiðir“. Microsoft 365 kynning á sitthvorri starfsstöðinni. Að auki var Skýjaborg með starfsmannafund.

Í Skýjaborg voru 5 aðrir skipulagsdagar:

- Skipulagsdagur 20. apríl var færður fram til 20. september vegna þess að tekin var ákvörðun um að fara ekki erlendis í náms- og kynnisferð: Deildarfundir, Barnavernd: tilkynningar, áföll og sorgarviðbrögð, Einneltisstefna Hvalfjarðarsveitar, Umhverfisverndarfundur, Kynning á niðurstöðum rannsóknar með einingakubbum, Þróun hljóðkerfisfærniþátta: Innlög og umræður með starfsfólki og Starfsmannafundur.
- 12. október: Virðingaríkt uppleði: Hulda Margrét Brynjarsdóttir, starfsmannafundur, deildarfundir og nýjir starfsmenn tóku MIO-skimunarefni í stærðfærði.
- 3. janúar: Námskeiðið Verndarar barna og Lubbanámskeið.
- 23. febrúar: Deildarfundir, starfsmannafundur og Þróunarverkefnið Snemmtæki íhlutun, Mál og læsi – fræðsla og vinna.
- 22. apríl: Þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun, Mál og læsi – fræðsla með Ásthildi talmeinafræðingi og Halldóru verkefnastjóra frá Menntamálaráðuneytinu.

Í Heiðarskóla voru 13 skipulagsdagar, þar af 5 á starfstíma skólans og 8 utan starfstíma skólans:

- 17. – 23. ágúst: Undirbúningur fyrir skólaárið, skólastjórnendur fóru yfir verkefni vetrarins með almennum starfsmönnum. Námsáætlanir í Mentor og undirbúningur fyrir skólaárið. Námskeið frá Tandri fyrir starfsfólk í ræstingu og mötuneyti. Guðmundur Engilbertsson frá Háskólanum á Akureyri með fjarnámskeið fyrir kennara um Orð af orði.
- 13. október: Starfsmannafundur, undirbúningur og teymisfundir, fræðsla frá Barnaheill fyrir starfsfólk Hvalfjarðarsveitar: Verndarar barna. Fræðslan var styrkt af Fjölskyldu- og frístundanefnd Hvalfjarðarsveitar og var liður í forvarnarvinnu sveitarfélagsins.
- 3. janúar: Starfsmannafundur, sjálfsmat, undirbúningur og teymisfundir. Einn starfsmaður sótti Lubbanámskeið í Skýjaborg.
- 23. febrúar: Starfsmannafundur, áhættumat, kynning á rekstri 2021, skóladagatal 2022 – 2023, teymisfundir og undirbúningur.
- 22. apríl: Starfsmannafundur, fræðsla frá Brúarskóla um erfiða hegðun, teymisfundir og undirbúningur, niðurstöður foreldrakönnunar.
- 2. júní: Vitnisburður og undirbúningur fyrir vorhátíð og útskrift 10. bekkjar.
- 3., 7. og 8. júní: Fundir, skýrslugerð, sjálfsmatsskýrsla, frágangur og tiltekt. Sameiginleg máltíð á Galito á lokadegi.

4.5 Fundir

Skólastjórn, skipuð skólastjórum og aðstoðarskólastjóra, héldu vikulega samráðsfundi á mánudögum kl. 9:30 á teams. Á fundum skólastjórnar var m.a.:

- farið yfir fagleg mál skólans
- unnið að stefnumótun og framfylgd stefnu
- unnið við skipulagningu
- rætt um sameiginleg verkefni
- starfsmannamál
- skýrslugerðir - Ársskýrsla - sjálfsmatsskýrsla - skólanámskrá – starfsáætlun.

Í Skýjaborg voru deildarstjórafundir áætlaðir á þriðjudögum frá 13:30-14:30 sem deildarstjórar og leikskólastjóri sátu. Þá voru deildarfundir einu sinni í viku á mánudögum kl. 10:00-11:00 og fékk hvor deild annan hvorn mánudag.

Í Heiðarskóla voru starfsmannafundir einu sinni í mánuði. Á miðvikudögum voru kennarafundir. Örfundir með öllum starfsmönnum voru á þriðjudagsmorgnum kl. 8:00 – 8:10. Sjálfsmatsteymi og umhverfisteymi funduðu eftir þörfum. Nemendafélag skólans fundaði eftir þörfum. Umhverfisnefnd skólans fundaði sjaldnar en til stóð og má þar nefna covid og forföll sem skýringu. Fundir með almennum starfsmönnum voru mjög fáir og þarf að bæta úr því á næsta skólaári. Teymisfundir með öllum sem komu að hverju stigi hefðu líka mátt vera fleiri. Kennarateymi á hverju stigi fundaði vikulega.

Tveir skólasamstarfsfundir voru haldnir á árinu þar sem skólasamstarfið var skipulagt, farið yfir stöðuna og metið hvernig til tókst.

Haldinn var einn sameiginlegur fagfundur með öllum starfsmönnum Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar fimmtudaginn 24. mars frá 16:30-18:30. Þórdís Þórisdóttir var með erindi um lesskilning og Læsisstefnan var yfirfarin af starfsmönnum eftir stigum.

Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir einu sinni í mánuði. Á fundina mættu, félagsmálastjóri, sálfræðingur, náms- og starfsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, sérkennari og skólastjórar Leik- og grunnskóla.

4.6 Símenntun

Markmið er að allir starfsmenn skólans sækji símenntun samhliða starfi til hagsbóta fyrir skólastarfið. Símenntun starfsmanna er ein af forsendum framfara, þess vegna þurfa allir að taka þátt í símenntun sem miðar að því að bæta árangur skólastarfsins. Leitast er eftir því að skilgreindar þarfir skólans og sérstakar óskir starfsmanna um endurmenntun fari saman.

4.7 Námskeið og ráðstefnur

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Skýjaborg:

- 16. ágúst: Erindi frá Vinnuvernd: „Jákvæð samskipti – Á þínum vinnustað“ og „Mín leið við streitu – Gagnlegar leiðir“: Rakel Davíðsdóttir. Allir starfsmenn. Heilsufarsmæling í framhaldi í boði fyrir alla starfsmenn.
- 16. ágúst: Microsoft 365 kynning: Sigurður Búi. Allir starfsmenn.
- 20. september: Barnavernd: tilkynningar, áföll og sorgarviðbrögð: Sólveig Sigurðardóttir. Allir starfsmenn.
- 20. september: Eineltisstefna Hvalfjarðarsveitar: Ása Líndal Hinriksdóttir. Allir starfsmenn.
- 20. september: Þróun hljóðkerfisfærniþátta: Innlagn og umræður: Þórdís Þórisdóttir. Allir starfsmenn.
- 12. október: Virðingaríkt uppeldi: Hulda Margrét Brynjarsdóttir. Allir starfsmenn.
- 12. október: MIO-skimunarefni í stærðfærði. Þrír starfsmenn.
- 9. nóvember: Námskeið: Áhrif streitu á tengslamyndun barna/unglinga. Einn starfsmaður.

- 22. nóvember: Námskeið: Sögupokar EHÍ. Tveir starfsmenn.
- 29. nóvember: Rýmingaræfing. Allir starfsmenn og börn.
- 3. janúar: Verndarar barna frá Barnaheill: Guðrún Helga Bjarnadóttir. Allir starfsmenn.
- 3. janúar: Lubbanámskeið. Allir starfsmenn.
- 18. janúar: Fræðsluerindi FSL: *Mygla í skólahúsnæði – viðbrögð og ábyrgð stjórnenda*. Einn starfsmaður.
- 26. janúar: Námskeið: Aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar í stjórnun: Einn starfsmaður.
- 4. febrúar: Afmælisráðstefna Grænfánans. Tveir starfsmenn.
- 24. febrúar: Fræðsluerindi FSL: *Samskipti og drög að verkferli vegna samskiptamála*. Einn starfsmaður.
- 4. mars: Morgunverndarfundur RannUng: *Hver stýrir skútunni? Er þróun leikskólastigsins í samræmi við hugmyndafræði leikskóla?* Tveir starfsmenn.
- 29. mars: Fræðsluerindi FSL: *Birtingamyndir kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni*. Einn starfsmaður.
- 22. apríl: Þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun, Mál og læsi – fræðsla með Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðingi og Halldóru verkefnastjóra frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- 13. maí: Námsstefna FSL *Upp úr kafinu*. Einn starfsmaður.
- 9. maí: Rýmingaræfing, óundirbúin. Allir starfsmenn og börn.

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Heiðarskóla, listinn tekur ekki á einstökum námskeiðum sem starfsmenn sóttust eftir að fara á heldur er frekar um áherslur skólans að ræða:

- 16. ágúst: Erindi frá Vinnuvernd: „Jákvæð samskipti – Á þínum vinnustað“ og „Mín leið við streitu – Gagnlegar leiðir“: Rakel Davíðsdóttir. Allir starfsmenn. Heilsufarsmæling í boði fyrir alla starfsmenn.
- 16. ágúst: Microsoft 365 kynning: Sigurður Búi. Allir starfsmenn.
- 17. ágúst: Mentor námskeið fyrir kennara.
- 17. Ágúst: Námskeið fyrir starfsmenn í ræstingu frá Tandri.
- 18. Ágúst: Orðasmiðja Guðmundur Engilbertsson frá Háskólanum á Akureyri.
- ágúst: Barnavernd: tilkynningar, áföll og sorgarviðbrögð: Sólveig Sigurðardóttir. Allir starfsmenn.
- ágúst: Eineltisstefna Hvalfjarðarsveitar: Ása Línal Hinriksdóttir. Allir starfsmenn.
- 30. ágúst: Menntaflétta: Leiðsagnarnám í hvetjandi námsumhverfi, 5 starfsmenn sóttu í gegnum fjarfundakerfi.
- 6. september: Menntaflétta: Lestrarsamfélagið: Áhugahvöt og áhrifavaldar, 2 starfsmenn sóttu í gegnum fjarfundabúnað.
- 14. september: Verkfærakistan fyrir umsjónarkennara.
- 20. september: Menntaflétta: Leiðsagnarnám í hvetjandi námsumhverfi, 5 starfsmenn sóttu í gegnum fjarfundakerfi.
- 29. september: Verkfærakistan fyrir umsjónarkennara.
- 11. október: Menntaflétta: Lestrarsamfélagið: Áhugahvöt og áhrifavaldar, 2 starfsmenn sóttu í gegnum fjarfundabúnað.

- 13. október: Fræðsla frá Barnaheill fyrir starfsfólk Hvalfjarðarsveitar: Verndarar barna. Fræðslan var styrkt af Fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar og var liður í forvarnarvinnu sveitarfélagsins.
- 19. október: Trúnaðarmannanámsskeið kennara, einn starfsmaður fór.
- 28. október: Uppeldi til ábyrgðar, rafrænn örfundur, einn starfsmaður.
- 4. nóvember: Menntaflétta: Leiðsagnarnám í hvetjandi námsumhverfi, 5 starfsmenn sóttu í gegnum fjarfundakerfi.
- 15. nóvember: Menntaflétta: Lestrarsamfélagið: Áhugahvöt og áhrifavaldar, 2 starfsmenn sóttu í gegnum fjarfundabúnað.
- 29. nóvember: Rýmingaræfing undirbúin.
- 3. janúar: Einn starfsmaður sótti Lubbanámsskeið í Skýjaborg.
- 10. janúar: Menntaflétta: Leiðsagnarnám í hvetjandi námsumhverfi, 5 starfsmenn sóttu í gegnum fjarfundakerfi.
- 10. janúar: Menntaflétta: Lestrarsamfélagið: Áhugahvöt og áhrifavaldar, 2 starfsmenn sóttu í gegnum fjarfundabúnað.
- 31. janúar: Kynningarfundur um farsældarlögin, einn starfsmaður.
- 4. febrúar: Grænfánaráðstefna, nokkrir starfsmenn.
- 10. mars: Menntaflétta: Leiðsagnarnám í hvetjandi námsumhverfi, 5 starfsmenn sóttu í gegnum fjarfundakerfi.
- 25. apríl: Menntaflétta: Lestrarsamfélagið: Áhugahvöt og áhrifavaldar, 2 starfsmenn sóttu í gegnum fjarfundabúnað.
- 9. maí: Rýmingaræfing, óundirbúin.
- 22. apríl: Fræðsla frá Brúarskóla um erfiða hegðun fyrir alla starfsmenn.

5 Áherslur vetrarins 2021-2022

5.1 Skólanámskrá

Skólanámskráin er í stöðugri endurskoðun. Í vetur var undirkaflí í kafla 2 uppfærður: Reglur um trúar- og lífsskoðunarfélög. Auk þess var áætlun um öryggi og heilbrigði í Heiðarskólahlutanum uppfærð. Skólanámskrá má finna á heimasíðu skólans:

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skolanamskra>

5.2 Umhverfismennt

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar hefur verið í mörg ár þátttakandi í Grænfánaverkefni. Hér má sjá yfirlit yfir hvað var gert á skólaárinu á hvoru sviði fyrir sig varðandi umhverfismennt.

Umhverfismennt í Skýjaborg 2021-2022

Umhverfisnefndir skólans eru tvær, annars vegar umhverfisnefnd elsta árgangs skólans og hins vegar umhverfisnefnd alls starfsfólks skólans. Á skólaárinu voru haldnir þrír fundir í umhverfisnefnd barna og tveir í umhverfisnefnd starfsfólks.

Í upphafi hausts kom umhverfisnefnd starfsmanna saman og fór yfir það starf sem hefur verið og þá kom fram að starfsfólk vill bæta sig í hnattrænu jafnrétti og því var ákveðið að hafa það sem þema fyrir þetta grænfánatímabil. Settir voru niður punktar til að vinna eftir næstu tvö árin. Í kjölfarið fundaði umhverfisnefnd barna. Á þeim fundi var rífað upp fyrir hvað grænfáninn stendur og þemað hnattrænt jafnrétti rætt og þau verkefni sem börnin vildu vinna að í tengslum við það. Auk hnattræns jafnréttis var ákveðið að leggja einnig áherslu á þemað lýðheilsu. Að lokum var sett upp aðgerðaráætlun.

Í vetur var áætlað að gera þjóðerni sem eru innan leikskólans sýnileg með *velkomin* skilti. Byrjað var á þessari vinnu, búið var að mála *velkomin* stafi og klippa út. Einnig var búið að útbúa *velkomin* á frönsku þar sem eitt frönskumælandi barn er í umhverfisnefnd barna. Sú vinna stoppaði þegar stór hluti Regnbogabarna þurfti að sækja leikskóla tímundið í tæpan mánuð í Heiðarskóla. Haldið verður áfram með þessa vinnu í ágúst 2022. Í vetur var einnig áætlað að börnin gerðu í samstarfi við foreldrana veggspjöld með heimamenningu sinni. Við komumst ekki af stað með þetta verkefni en stefnum á það strax í haust.

Við byrjuðum að vinnu að útielldhúsi og drullumalli á leikskólalóðinni. Einn góður faðir ásamt afa útbjó útielldhús og gaf okkur. Við höfum verið að fresta því að fá mold og sand því það eru svo margir kettir í hverfinu okkar núna og nýr sandur og mold yrði líklega bara flott klósett fyrir þá. Við höfum því verið að hugsa hvernig hægt sé að útbúa þetta þannig hægt sé að loka svæðinu eða loka yfir moldina og sandinn.

Við höfum aðeins verið að vinna að því að kynna ólíka menningarheima fyrir börnunum og aðstæðna jafnaldra þeirra í fjarlægðum löndum. Haldið verður áfram með þá vinnu. Við höfum verið dugleg að syngja á ólíkum tungumálum í sameiginlegum söngstundum 1x í viku, s.s. ensku og pólsku. Farið hefur verið í reglulegar göngu og/eða vettvangsferðir í vetur. Einnig hafa börnin farið í reglulega hugarfrelsisstund þar sem farið er í jóga, hugleiðslu, slökun og/eða nútíttundaræfingar. Allir foreldrar

hafa verið hvattir til að koma með vatnsbrúsa að heiman fyrir barnið sitt. Er þetta vel komið í sessi á Dropanum og brúsum fer hratt fjölgandi á Regnboganum.

Í febrúar settum við niður sumarblómafræ. Fljótlega þurftu þeir sem sáu um vökvun að sækja leikskóla í Heiðarskóla tímabundið og þá voru blómin ofvökvuð og allt drapst. Ákveðið var að reyna ekki aftur þetta vor.

Tveir starfsmenn sátu afmælisráðsstefnu grænfánans.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, júní 2022

Umhverfismennt í Heiðarskóla 2020 – 2021

Ýmislegt hefur gengið á í skólastarfi Heiðarskóla þetta skólaárið. Covid-19 með tilfallandi veikindum og takmörkunum, viðgerðir á húsnæði og þó nokkrir óveðurs dagar.

En fram á vormánuðum vorum við loksins farin að hittast og vinna saman eins og venjulega. Það tókst ekki að halda fundi í umhverfisnefndinni eins og við hefðum viljað (fimm fundir) en þegar litið er til baka erum við samt nokkuð ánægð með verkefnin í vetur.

Bingóið fyrir börn í Úkraínu stendur náttúrulega upp úr. Og við vorum líka alveg sérstaklega heppin með útidagana okkar þar sem við lærðum úti í náttúrunni. Með þessum útinámsdögum í gegnum skólaárin byggjum við smátt og smátt upp tengsl og kunnáttu við landið okkar og nærumhverfi – sem er jú grunnurinn í að skapa vilja og áhuga fyrir að vernda og passa upp á lífríkið í kringum okkur.

Þar koma t.d. haustferðirnar okkar sterkar inn, unglingastigið hjólaði í Skorradal, miðstigið fór í gönguferð á Akrafjall og yngsta stigið í fjöruferð í Grunnafjörð. Vorferðirnar voru líka frábærar, unglingarnir fóru í Heydal, miðstigið fór á Þingvelli og yngsta stigið á Langasand og í skógræktina á Akranesi.

Umhverfisteymið með Helenu, Berglindi B, Sigga Þ, Siggú Láru, Þórdísi, Siggú V, og Sigga Tómm hittust fimm sinnum í vetur og ræddi helstu verkefnin fram undan. Mjög góð vinna og góð tengsl við kennara frá hverju stigi og inn í þeirra bekk.

Starfið í umhverfisnefndinni og Grænfánanum eru í stuttu máli eins og fylgir:

10 september. Umhverfisnefndarfundur

Ný umhverfisnefnd valin:

Róbert, Gunnjóna, Ástrós, Haukur, Lóa, Veronika, Oddur, Arna og Berglind Ýr

Fulltrúar starfsfólksins: Helena, Sigga Lára, Sigga Vill og Þórdís

Nefndin valdi þemað *Vatn*



16. september. Dagur íslenskrar náttúru í Álfhólsskógi

Stigin voru saman í náttúruskoðun og verkefnum í skóginum. Grillaðar pylsur og bakað brauð og vel heppnaður dagur í alla staði.

8-12. nóvember. Þemavika Vatn

Tilraunir og verkefni tengd vatni með kynningum á stigunum. Sumt var sett inn á netið fyrir foreldra. Vegna Covid 19 fór vinnan fram á hverju stigi fyrir sig.



9. nóv.-3. des. Matarsóun

Nemendur fræðast um matarsóun. Hver og einn hugsaði um að fá sér hæfilega mikið á diskinn svo ekki þyrfti að leifa mat. Matarleifar voru vigtaðar frá öllum nemendum og endaði á 6,5 kg í heildina eða u.þ.b. 81 g á hvern nemanda yfir vikuna. Hæurnar í Hvalfjarðarsveit að njóta matarafganganna sem falla til frá Heiðarskóla.

31. mars. Bingó fyrir Úkraínu

Umhverfisnefndin ákvað að halda fjáröflunarviðburð til styrktar hjálparstarfi í Úkraínu. Þetta var svo fyrsta skiptið sem skólinn bauð fólki í hús síðan Covid -19 skall á fyrir rúmum tveimur árum. Við skemmtum okkur með bingóspil, héldum fatamarkað og seldum kaffi með vöfflum. Þetta var yndislegt kvöld og samtals söfnuðust 214.000 kr sem runnu óskiptar til hjálparstarfa.

25. apríl. Umhverfisdagurinn

Við héldum upp á Umhverfisdaginn með að flagga Grænfánanum okkar, fá gestafyrirlesara og vinna verkefni í fatasóun og endurvinnslu. Gestfyrirlesarinn, Júlíanna Ósk Hafberg sem er fatahönnuður er búin að þæla mikið í „fatasóun“ Hún fræddi okkur um fataneysluna okkar og hvernig áhrif það hefur á jörðina og hvernig henni tókst að nota sömu fötin í heilt ár.

Við fengu stutt innlegg um fatasóun frá umhverfisnefndinni og



horfðum á myndband frá

Landvernd „Föt og

hringrásarkerfið“. Svo fylgdu ýmis

verkefni á stigunum um fatasóun

og vakning virðist vera í þessu málefni.

Eldhúsið bauð okkur grillaðar pylsur eftir að nemendur höfðu hreinsað skólalóðina og nærumhverfið.

Verkefni tengt vatni (þemað í vetur) var svo í lok dagsins í Tannakotslæknum og Leiránni.



19. maí. Survivor

Sjö aldursblönduð lið fóru í ratleik með stöðvavinnu út um allan skógin frá 8.30-12:00. Verkefnið byggðust á samstarfi í hópunum og tengdust náttúrunni og skapandi hugsun í víðu samhengi. Svo voru grillaðir hamborgarar í Furuhlíð og í lokin kynntu Survivorhóparnir „Hlut sem flýtur“ í pollinum. Þessa hluti höfðu hóparnir búið til áður í skólanum úr endurunnu efni/rusli. Frábær dagur í besta veðri!



Gróðursetning 30.maí

Allir bekkir skólans tóku þátt í gróðursetningu í geggjuðu veðri. Yngsta og miðstigið settu niður kartöflur og 3.b. - 10.b. gróðursettu tré. Í ár voru það birkitré sem höfðu náð u.þ.b. 50 cm í uppeldisreit hjá okkur. Eyjólfur í Hlíð kenndi okkur handtökin og aðstoðaði okkur með trén.



30. maí. Unicefverkefnið – fræðsla og fjáröflun.

Nemendur skólans tóku þátt í UNICEF verkefninu og í ár fengu þeir fræðslu um fordóma.

Svo var hlaupið í marga hringi í kringum skólann, sá nemandi sem hljóp lengst fór 12,4 km!



Helena Bergström
Hvalfjarðarsveit 13. júní 2022

5.3 Skólasamstarf

Tveir fundir skólasamstarfsins voru haldnir á skólaárinu, 14. september 2021 og 14. desember. Ekki náðist halda fund að vori. Á haustfundi var farið yfir fundargerð frá fyrra ári og settar niður dagsetningar ýmissa viðburða. Foreldrar fengu sent bréf þar sem þeir voru upplýstir um samstarfið og dagsetningar. Í vetur voru 7 börn í skrímslahóp / elsta árgang leikskólans. Á desemberfundi var farið yfir haustönn og vorönn skipulögð.

Á haustönn náðust allir sex áætlaðir skólasamstarfsdagar. Vettvangsferð að hausti féll niður, hugmynd var að reyna að fara hana á vorönn en það gekk ekki eftir. 3. bekkur hefur í kringum Dag íslenskrar tungu farið í Skýjaborg og lesið fyrir leikskólabörn. Sú ferð frestaðist til 11. maí. 1. bekkur kom í eina heimsókn að hausti í leikskólann og mætti einnig á jólaleikritið í Skýjaborg eins og planað var.

Fullveldishátíð féll niður en tekið var upp sameiginlegt söngatriði og sent á foreldra. 7. bekkur las fyrir skrímslahóp í einni heimsókninni á haustönn samkvæmt plani.

Skólasamstarf á vorönn hófst með fyrstu heimsókn 1. mars sem gekk mjög vel. Föstudaginn 4. mars var annarri deildinni í Skýjaborg lokað vegna raka/myglu. Frá 7.-30. mars sótti þessi árgangur (2016) ásamt árgangi 2017 leikskóla í Heiðarskóla. Það var mikil reynsla fyrir hópinn. Skólasamstarfsdagarnir runnu saman við aðra daga enda voru þau alla daga í Heiðarskóla. Sundtímum var haldið inni á réttum tíma. Hildur tónmenntakennari bauð hópnum í nokkra tónmenntatíma á tímabilinu sem gekk mjög vel. Börnin fóru svo sjötta og síðasta skólasamstarfsdaginn 5. apríl. Sameiginleg menningarferð skrímslahóps og 1. bekkjar í Borgarnes var á sínum stað 26. apríl.

Helstu verkefni: Skólaheimsóknir voru á þriðjudögum, sex skipti á haustönn og sex skipti á vorönn. Ein vettvangsferð var farin, ein féll niður. Heimsóknirnar fóru fram í október og nóvember á haustönn og í mars og apríl á vorönn. Börnin byrjuðu alla heimsóknardagana í Heiðarborg kl. rúmlega 9:00, fóru í íþróttatíma á haustönn og sundtíma á vorönn. Eftir hverja heimsókn ræddu börnin um heimsóknir þeirra í Heiðarskóla og hvað þau langaði að gera í næstu heimsókn. Kennarinn lét skólastjórann vita þannig að hann gæti orðið við óskum þeirra.

Vorskóladagar: Elsti árgangur Skýjaborgar fór í þrjá daga í Heiðarskóla með skólabílnum og tók þátt í skólastarfinu.

Skýjaborgarval: Ekkert unglingaval var þetta skólaár.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, júní 2022

6 Mat á skólastarfi

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla ber að framkvæma innra og ytra mat í skólum. Tilgangur mats er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra mat verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Innra mat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Ytra mat er framkvæmt annars vegar af fræðslunefnd og hins vegar af mennta- og menningarmálaráðaneytinu.

6.1 Innra mat

Innra mat var unnið samkvæmt áætlun skólans og í kjölfarið gerð umbótaáætlun fyrir hvort svið fyrir sig. Niðurstöður matsins og umbótaáætlun er birt í sjálfsmatsskýrslum sviðanna (Sjálfsmatsskýrsla Skýjaborgar er inn í starfsáætlun Skýjaborgar).

6.2 Ytra mat

Menntamálastofnun tók ákvörðun um að leggja ekki fyrir samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk á skólaárinu.

Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar skráði Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar í foreldra- og starfsmannakannanir Skólapúlsins. Foreldrakannanir Skólapúlsins voru lagðar fyrir foreldra í febrúar og starfsmannakannanir í mars/apríl. Skólastjórnendum var í framhaldi af könnunum falið að gera umbótaáætlanir. Sjá nánar í sjálfsmatsskýrslum sviðanna.

7 Nám og kennsla

Í þessum kafla er farið yfir fjölda barna, nám og kennslu í gegnum skýrslur og helstu daga og viðburði á árinu.

7.1 Fjöldi barna í Heiðarskóla

Í upphafi skólaárs voru 87 nemendur í Heiðarskóla og 86 í lok skólaársins, þegar mest var voru 88 nemendur í skólanum. Fjöldi nemenda í bekkjum var eftirfarandi:

Bekkir/árgangur	Í upphafi skólaárs	Í lok skólaárs
1. 2015	5	5
2. 2014	13	14
3. 2013	9	9
4. 2012	5	5
5. 2011	7	6
6. 2010	12	12
7. 2009	10	9
8. 2008	10	10
9. 2007	10	10
10. 2006	6	6

Teymiskennsla í skólanum einkennist fyrst og fremst af samvinnu og sameiginlegri ábyrgð kennara um nám og kennslu nemenda. Kennt var í þremur teyllum:

- Yngsta stig 1. – 4. bekkur, kennt var að mestu í tveimur námshópum, annars vegar fyrsti og annar bekkur og hins vegar þriðji og fjórði bekkur. Umsjónarkennarar: Þórdís Þórisdóttir og Hildur Jónsdóttir.
- Miðstig 5. – 7. bekkur. Umsjónarkennarar: Sigurður Tómasson og Sóley Bára Bergsteinsdóttir.
- Unglingastig 8. – 10. bekkur. Umsjónarkennarar: Berglind Bergsdóttir og Einar Sigurðsson.

Haustið 2020 hófst tilraunaverkefni í Heiðarskóla. Markmið verkefnisins var að auka útinám, bæta námsárangur og líðan. Skólastarfið var skipulagt með það í huga að sami starfsmannahópur fylgi hverjum og einum námshópi eins og hægt er á viðverutíma í skólanum. Stefnt er að samfellu og flæði í námi barna þar sem áhersla er lögð á menntun og velferð hvers og eins. Með tilraunaverkefninu breyttist tímaskipulag skólans, fyrsta kennslustund hefst kl. 8:10, var áður 8:20 og síðustu kennslustund lýkur kl. 13:30, var áður 14:20. Verkefnið var metið jafnt og þétt yfir skólaárið í hagsmunahópum og mæltist vel fyrir. Vorið 2021 samþykkti fræðslunefnd áframhaldandi þróun verkefnisins að undanfenginni samþykkt skólaráðs og umsögn foreldrafélagsins. Til stóð að taka stöðuna aftur vorið 2022 en það var ekki gert.

7.2 Fjöldi barna í Skýjaborg

Í Skýjaborg voru börnin í upphafi skólaárs 38 og 40 í lokin. 10 börn hófu leikskólagöngu sína í Skýjaborg haustið 2021. 4 börn hófu leikskólagöngu í Skýjaborg á miðju skólaári. 2 börn hættu á

skólaárinu. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig staðan var í upphafi og lok skólaárs á milli árganga.

Dropinn: 13-16 börn á aldrinum 1-3 ára. Deildarstjóri Agnieszka Aurelia Korpak.

Regnboginn: 24 börn á aldrinum 3-6 ára. Deildarstjóri Sigurbjörg Friðriksdóttir og Bára Tómasdóttir frá miðjum mars.

Árgangur	Alls haustið 2021	Alls vorið 2022
2016	7	7
2017	11	11
2018	6	6
2019	6	5
2020	8	10
2021		1

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – kl. 16:30. Foreldrar geta valið um að hefja dvöl barnanna milli kl. 7:30 – 9:00. Leikskólinn er gjaldfrjálss milli kl. 9:00 og 14:00. Meðaldvalartími barna í leikskólanum var 7,76 klst. daglega (reiknað í mars – eitthvað breytilegt eftir mánuðum).

7.3 Sameiginlegar skýrslur 2021-2022

Sameiginlegar skýrslur frá starfsfólki Leik- og grunnskóla koma hér undir. Í ár eru það tvær skýrslur.

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk og starfsmanns í Skýjaborg

Í vetur var undirrituð í 20% stöðu við leikskólann á móti umsjónarkennslu 1. og 2. bekkjar við grunnskólann. Helstu verkefni í vetur voru að vinna í verkefninu „Læsi til framtíðar“ sem stýrt er af menntamálastofnun og byggir á fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks leikskóla um snemmtæka íhlutun með áherslu á mál og læsi og handbókargerð. Fram til áramóta var að mestu unnið að undirbúningi verkefnisins og komu starfsmenn menntamálastofnunar síðan að verkefninu í lok nóvember.

Í september var ég með fyrirlestur fyrir starfsfólk leikskóla um tengsl máls og læsis og einnig þarfagreiningu á styrkleikum og veikleikum leikskólans varðandi mál og læsi.

Ég hitti börn í elsta árgangi leikskólans á þeim dögum sem ég var í leikskólanum og vann með þeim ýmis verkefni s.s. í mál og læsi.

Skólasamstarf elstu barna og leikskólans voru með hefðbundum hætti á skólaárinu. 1. bekkur heimsótti leikskólann einu sinni á hvorri önn, sameiginlegar ferðir voru tvær, önnur í skóginum við Furuhlíð í september og hin í Borgarnes í maí þar sem skoðuð var fuglasýning, leikið á Bjössaróló og farið út að borða. Börnin voru með sameiginlegt atriði sem æft var fyrir fullveldishátíð Heiðarskóla sem að þessu sinni var tekin upp og sent til foreldra vegna samkomutakmarkana. Leikskólinn kom síðan í sínar skólaheimsóknir 12 sinnum á skólaárinu og hitti nemendur á yngsta stigi eftir því sem tími gafst til. Þar sem önnur deild leikskólans dvaldi tímabundið í Heiðarskóla í vor hittust hóparnir aðeins oft og unnu að sameiginlegum verkefnum og ræktuðu vinasamböndin.

Vorskóli varðandi 1. bekkinga var 3.-5. maí og var fyrirlestur og kynning fyrir foreldra þeirra varðandi skólabyrjun áður en vorskóli hófst. Greinilegt er að skólasamstarf hefur skilað sér í miklu öryggi

verðandi nemenda þar sem þau þekkja vel skólahúsnæði, skólalóð, starfsfólk sem og þau hafa haldið tengslum við samnemendur sína og kynnst hefðum og venjum sem gilda í grunnskólanum.

Þórdís Þórisdóttir, júní 2022

Skýrsla sérkennara 2021-2022

Heiðarskóli:

Sérkennslu sinna Ólöf Guðmundsdóttir og Sigrún Vigdís Gylfadóttir.

Ólöf er í 80% starfi í Heiðarskóla og 20% í Skýjaborg. Hún hefur umsjón með sérkennslu í leikskólanum og á yngsta stigi. Sigrún Vigdís er í 100% starfi og hefur umsjón með sérkennslu á mið- og unglingastigi. Auk þess koma stuðningsfulltrúar að þjónustu við nemendur.

Sérkennsla:

Ávallt er unnið eftir því markmiði að nemendum líði vel í skólanum og þeir fái faglegan náms- og félagslegan stuðning og kennslu í öllu skólastarfi. Að nemendur séu öruggir í aðstæðum, vinni verkefni við hæfi og geti þar með þroskast og dafnað sem sjálfstæðir, glaðir og sjálfsöruggir einstaklingar.

Sérkennslan er ekki bundin við neitt eitt rými eða neina eina aðferð, heldur fer fram þar sem nemendum líður best og er unnin á þann hátt sem hentar hverjum og einum nemanda. Unnið var til dæmis í litlum hópum, einstaklingslega, í námsverum, bekkjarstofum, úti og í verkgreinastofum. Nemendur unnu á sínum forsendum, á sínum hraða og í minna áreiti, en með því er komið til móts við þarfir nemenda.

Nemendur fá úthlutað sérkennslutímum samkvæmt metnum þörfum sérkennara, skólastjóra, umsjónarkennara og annarra fagaðila að vori eða í upphafi skólaárs.

Auk sérkennslu halda sérkennarar utan um trúnaðargögn er varða nemendur og leggja fyrir ýmis próf og skimanir ásamt úrvinnslu úr þeim eftir þörfum. Eru í samvinnu og samstarfi við foreldra, umsjónarkennara, sálfræðing, félagsmálafulltrúa og talmeinafræðing, ásamt öðru starfsfólki skólanna. Sækja einnig um stuðningsúrræði/undanþágur fyrir nemendur í samvinnu við skólastjórnendur, umsjónarkennara og foreldra/forráðamenn.

Teymisfundir eru haldnir tvisvar á hverri önn hjá þeim nemendum sem tengdir eru félagsþjónustu og að auki funda teymi eftir þörfum vegna annarra nemenda ásamt umsjónarkennurum og öðrum utanaðkomandi sérfræðingum.

Skýjaborg:

Í vetur hefur sérkennarinn farið 1 dag í viku í leikskólann líkt og undanfarin ár og verið frá kl: 08-13:30. Heildarfjöldi barna sem sérkennari hafði samstarf um voru 11 börn. En í beinni kennslu hjá sérkennara voru 6-8 börn í vetur en mismengi þó. Starf sérkennarans var með því móti að íslenska sem annað mál var stækkandi þáttur í mínu starfi þennan veturinn og unnið mikið með orðaforða og frásögn. Notaði einnig K-Pals hljóðaleikina með ásamt Lærum og Leikum með hljóðin fyrir þennan hóp. Jafnframt að gera frumathuganir ofl. ásamt því að gera kennsluáætlanir í samvinnu við deildarstjóra og almennt vera í góðu samstarfi við starfsmenn leikskólans, foreldra/forráðamenn og aðra samstarfsaðila. Sl. vetur var ekkert barn með skilgreinda fötlun innan leikskólans og vinnan innan sérkennslunnar hjá sérkennara með hefðbundnu móti líkt og er í almennu leikskólastarfi og fólst að mestu í málörvun hjá

nemendum sem komu til mín. Þ.e. að auka orðaforða, tjáningu, málvitund og fleiri þætti er geta eftir þroska barnanna ásamt því að vinna með tölur, stærðir, form, fínhreyfingar ofl. Ýmist voru vinnustundir þannig að unnið var með litla hóp 2-4 börn. Kom lítið að elsta árg. leikskólans núna utan samveru eftir hádegismat. Margvíslegum aðferðum og leikjum var beitt við þjálfun og kennslu þar sem um fjölbreyttan hóp og misjafnar þarfir var að ræða hjá nemendum.

Helstu skimanir innan leikskólans:

- Hljóm-2 er mælir hljóðkerfisvitund og er tekið hjá börnum sem eru í elsta árgangi leikskólans.
- Smábarnalistinn.
- Íslenski þroskalistinn.
- Orðaskil.
- Tras.
- Told-2P.
- MOT. (hreyfiþroskaath).
- Mio- skimun á fjölda og talnaskilningi ofl. hugtökum.
- Ásamt öðrum óstöðluðum matstækjum og óformlegum athugunum (áhorf og viðtöl) til að meta stöðu og framfarir barnanna.

7. júní 2022 Ólöf Guðmundsdóttir og Sigrún Vigdís Gylfadóttir

7.4 Skýrslur Heiðarskóla 2021– 2022

Skólastjóri óskar eftir skýrslum/samantekt frá hverju teymi fyrir sig, náms- og starfsráðgjafa, starfsfólki á bókasafni, í tómstund og frístund, tölvuumsjónarmanni og matráði.

Teymisskýrsla yngsta stigs vorið 2022

Grunnupplýsingar: Í teyminu voru tveir umsjónarkennarar, Þórdís Þórisdóttir og Hildur Jónsdóttir. Þórdís kenndi 21 kennslustund og Hildur kenndi 21 kennslustund. Auk þess kenndu Katrín Rós Sigvaldadóttir 11,5 kennslustundir og Helena Bergström 10,5 kennslustundir. Tveir stuðningsfulltrúar fylgdu 1. og 2. bekk og einn stuðningsfulltrúi fylgdi 3.-4. bekk. Stuðningsfulltrúar á yngsta stigi voru Harpa Lárusdóttir (orlof frá mars), Valdís María Stefánsdóttir, Karólína Sif Ísleifsdóttir (frá mars) og Bjarki Rúnar Ívarsson (frá áramótum). Stuðningsfulltrúar skiptu með sér stöðuhlutföllum. Skólaliði á yngsta stigi var Hjördís Birna Gunnlaugsdóttir. Sérkennari á yngsta stigi var Ólöf Guðmundsdóttir. Nemendur á yngsta stigi voru 32 í upphafi skólaárs og 33 í lok skólaárs.

Skipulag innan teymis: Í 1. og 2. bekk sá Þórdís um kennslu í helstu námsgreinum ásamt Katrínu Rós að hluta. Í 3. og 4. bekk var Hildur umsjónarkennari og sá um íslensku og stærðfræði og svo samfélagsfræði ásamt Katrínu Rós. Helena kenndi 3. og 4. bekk náttúrugreinar. Katrín Rós sá um lífsleiknikennslu á stiginu. Sólrún Sigþórsdóttir sá um íþrótt og sundkennslu á stiginu og Erna Rafnsdóttir, Hildur og Helena sáu um list- og verkgreinakennslu. Þórdís var í leikskólanum á fimmtudögum og Ólöf var í leikskólanum á miðvikudögum.

Helstu verkefni/þemu:

1. – 2. bekkur:

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Vatnið, skordýr, plöntur
- Komdu og skoðaðu fjöllin og eldgos
- Þorri, jól, páskar
- Bekkjarsáttmáli
- Árstíðir
- Veður
- Þjóðsögur og ævintýri
- Fullveldishátið

3. - 4. bekkur:

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Vatnið
- Fjöll
- Eldgos
- Árshátíð
- Sjálfsmyndin

Sameiginleg þemu:

- Vatnið
- Fatasóun
- Dagur stærðfræðinnar
- Jólþema
- Páskaþema
- Þorablót
- Öskudagur og hrekkjavaka
- Tannvernd

Kennsluhættir: Fjölbreyttir kennsluhættir notaðir. Má þar nefna aðferðir Byrjendalæsis, Leikur að læra og verklega kennslu. Töluvert var unnið með námsefni í gegnum leik og spil.

Upplýsingaflæði: Upplýsingaflæði milli starfsmanna á yngsta stigi var gott. Reglulegir teymisfundir kennara og sérkennara voru vikulega auk nokkurra funda með stærra teymi þeirra sem koma að börnum á yngsta stigi. Mikilvægt er að skipuleggja reglulega fundi þar sem stuðningsfulltrúar og skólaliðar geta hitt kennara á stiginu.

Náms- og kennsluáætlanir: Námsskipulag tók mið af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og áhersluatriðum í skólanámskrá Heiðarskóla. Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem á því þurftu að halda.

Sérstaða skólans:

- Uppeldi til ábyrgðar: unnum bekkjarsáttmála, mitt og þitt hlutverk og nemendur unnu ýmis verkefni í lífsleikni. Einnig voru bekkjarskrár haldnir reglulega.

- Spjaldtölvur : Markviss innlögn á algengum forritum í spjaldtölvum fyrir 1. - 4. bekk þar sem farið var í notkun á myndavél, myndvinnslu, skapandi forrit, námsleiki og forritunarleiki. Um mitt skólaár var orðið erfitt að nota nokkrar spjaldtölvur þar sem ekki var hægt að uppfæra þær. Í þeim hópi fjölgaði þegar leið á veturinn og því ekki nægar spjaldtölvur eftir til að nýta með námshópunum maður á mann. Spjaldtölvur voru einnig notaðar við sameiginleg verkefni á yngsta stigi og Kahoot spilað til gagns og gamans.
- Umhverfismennt: unnin t.d. í gegnum þemu, útikennslu og með sérstökum verkefnum tengdum náttúru og umhverfi.
- Gildi skólans: Gildi skólans voru höfð til hliðsjónar við skipulag alls náms og unnið sérstaklega með þau í lífsleikni.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar: Þættir eins og heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, jafnrétti og sköpun fléttuðust víða inn í kennsluna og sérstaklega fjallað um í tengslum við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Áhersla á læsi og lestrarfærni var mikil í skólanum og því fylgt eftir með fræðslu til foreldra á haustfundi, reglulegri fræðslu í gegnum skráningablöð og fjölbreyttum heimalestrarverkefnum. Samvinna við heimilin hvað varðar læsi var á heildina litið til fyrirmyndar en í einstaka tilvikum verulega ábótavant.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Fljótt og vel var brugðist við ábendingum er varðaði skipulag og utnumhald á yngsta stigi. Lítið var um skipulagðar heimsóknir til að taka út nám og kennsluhætti en skólastjóri kom reglulega inn í kennslu til að sinna virku upplýsingaflæði.

Samstarf við önnur teymi: Samstarf var við miðstig um bókakynningar.

Vettvangsferðir:

Sameiginlegar ferðir:

- Haustferð í fjöruna við Súlunes
- Fannahlíð í haust og vor
- Vorferð á Akranes – Langisandur og skógræktin

1.bekkur:

- Fannahlíð í haust með leikskólanum og í Borgarnes (Safnahúsið, Bjössaróló, út að borða) í vor
- Heimsóknir í Skýjaborg að hausti og í febrúar

3. bekkur:

- Heimsókn í Skýjaborg, lestur fyrir leikskólabörn
- Heimsókn á Slökkviliðsstöð

Gestir og fyrirlesarar: Netöryggi, rithöfundakynningar: Ari G. Yates og Kristín Ragna Gunnarsdóttir og skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar kom í heimsókn í þemaviku.

Ábendingar: Útlit er fyrir að námshópur 3. og 4. bekkjar verði mjög fjölmennur á komandi skólaári og leggjum við til að skoðað verði að hafa þá sem tvo aðskilda námshópa að sem mestu leyti.

Lokaorð: Skólaárið hefur gengið að mestu leyti mjög vel. Vel hefur tekist að koma til móts við ýmsar og ólíkar þarfir nemenda sem hefur skilað sér í auknum framförum þeirra. Mikil fjarvera nemenda og starfsmanna vegna Covid-19 var seinni hluta vetrar sem setti sinn svip á skólastarfið. Áþreifanlegt er hversu vel skólastarfið hefur gengið eftir að samkomutakmarkanir voru felldar úr gildi, meiri samgangur og samvinna milli nemenda, meiri fyrirsjáanleiki í skipulagningu og samstarf við foreldra meira.

Þórdís Þórisdóttir og Hildur Jónsdóttir, júní 2022

Teymisskýrsla miðstigs vorið 2022

Grunnupplýsingar: Sigurður Hinrik Tómasson (22,75 kest.) og Sóley Bára Bergsteinsdóttir (23 kest.) voru umsjónarkennarar. Í teyminu voru einnig Sigurður Þ. Sigurþórsdóttir (12 kest.) og Sigrún Vigdís Gylfadóttir annaðist sérkennslu á stiginu. Halldóra Andrésdóttir, Hekla Karen Steinarsdóttir, Erna Elvarsdóttir og Bjarki Rúnar Ívarsson mönnuðu námsver og voru til stuðnings við einstaka nemendur og hópinn í heild. 29 nemendur hófu nám í 5.-7. bekk á haustönn en 26 nemendur luku námi að vori.

Skipulag innan teymis: Umsjónarkennarar báru sameiginlega ábyrgð á nemendahópum en skipulögðu kennslustundir aðallega í sitt hvoru lagi, en þemu og ákveðin verkefni í sameiningu. Nemendahópnum var skipt á umsjónarkennara fyrir foreldraviðtöl og sú skipting hélt sér út námsárið, þ.e.a.s. sami umsjónarkennari annaðist að mestu foreldrasamskipti og foreldraviðtöl við sinn nemendahóp. Í upphafi voru nemendur stigsins saman í námshóp í einni stofu, en voru aðskilin í tvær stofur vegna fjöldatakmarkana í covid. Það reyndist að okkar mati betur og sú skipting hélt sér út námsárið. Náttúrufræðistofan kom þá að góðum notum og eldri nemendahópurinn hafði sína bækistöð þar. Teymið hafði fundartíma á þriðjudögum kl. 13:40 og á mánudögum á sama tíma eftir þörfum. Hluti samráðstímans fór í umræður um félagsleg mál nemenda, samskipti innan hópsins og sértæk úrræði, en einnig var fundartíminn notaður til að skipuleggja kennslustundir og námslotur. Samskipti teymisins voru góð. Verkefnum var deilt og unnin í samstarfi. Kennarar komu að kennslu flestra greina en yfirumsjón með fögum var skipt á eftirfarandi hátt:

Íslenska - Sóley

Stærðfræði - Sigurður T.

Enska - Sóley og Sigurður Þ.

Danska - Sóley

Lífsleikni - Katrín Rós

Samfélagsgreinar - Sigurður T. og Sigurður Þ.

Sérkennslumálin voru í góðum höndum þetta árið, en Sigrún Vigdís sá um þau. Hún og Halla (Halldóra Andrésdóttir) stýrðu námsverinu með aðstoð annarra stuðningsfulltrúa.

Verkefni: Fjölbreytt verkefni voru unnin á önninni, bæði verkleg og bókleg. Viðfangsefni námsgreina eru tiltekin í samnefndu skjali. Við höldum áfram að leggja áherslu á lestur í vetur og vorum bæði með daglegan yndislesturstíma í skólanum og svo áttu þau að lesa heima fimm sinnum yfir vikuna. Við reyndum að vinna lestrarhvetjandi verkefni og lásam bækur saman í samlestri til að auka áhuga nemenda og stuðla að umræðum. Okkur fannst verkefnið *Skólaslit* sérstaklega vel heppnað, en þá las Ævar vísindamaður kafla á dag í allan nóvember. Verkefnið var stílað inn á Hrekkjavökuna og efnistökin

eftir því; vampírur, uppvakningar og draugar – nemendum fannst þetta ótrúlega skemmtilegt og vonandi að þetta verði endurtekið. Þema ársins í umhverfismennt var vatn og unnin voru verkefni tengd vatni, bæði í bóklegum greinum og list- og verkgreinum. Einnig vorum við með umræður og verkefni um matar- og fatasóun yfir veturinn.

Kennsluhættir: Kennsluhættir voru að einhverju leyti fjölbreyttir en við hefðum mátt gera betur. Okkur fannst auðveldara að stýra fjölbreyttum verkefnum í minni hópum. Þess vegna gaf góða raun að aldursskipta stiginu og fá þannig fram minni einingar.

Upplýsingaflæði: Kennarar sendu pósta eftir þörfum og í kringum uppbrotsdaga. Á þriðjudögum voru haldnir bekkjarsfundir.

Náms- og kennsluáætlanir: Kennarar settu upp námslotur í sínum faggreinum. Sett voru upp verkefni innan lotanna og þau tengd við hæfniviðmið og metin. Nemendur fengu áætlanir í íslensku og stærðfræði á pappír og fengu foreldrar eftir þörfum sendar áætlanir í pósti.

Sérstaða skólans:

- **Uppeldi til ábyrgðar:** Við unnum ekki nógu markvisst með Uppeldi til ábyrgðar á miðstigi á þessu ári. Bekkjarsáttmálinn var ekki gerður og þar af leiðandi ekki sýnilegur í stofu. Það er því rými til bætinga á næsta ári.
- **Spjaldtölvur:** Ýmis verkefni unnin á iPad og námsöpp notuð, eins og Kahoot, Duolingo, Minecraft o.fl. Þá voru raðbækur og hljóðbækur notaðar í gegnum iPadinn. Þau gerðu myndbönd og glærukynningar. Einhverjir nemendur tóku meðal annars þátt í myndbandasamkeppni Siljunnar og notuðust þá við iPadinn til að taka upp og vinna myndbandið sitt. Tæknimálin settu þó ákveðið strík í reikninginn, en við gátum ekki unnið nægilega markvisst með ákveðin forrit og kennsluöpp vegna læsts aðgangs á iPöðunum.
- **Umhverfismennt:** Fór aðallega fram í þemadögum og vinnu. Útinámstímar daglega og aukið við þegar tók að vora. Flokkunarfötur í stofum. Tókum þátt í fatasölu skólans þar sem nemendur gátu komið með gömul föt að heiman og gefið áfram og keypt frá öðrum.
- **Gildi skólans:** Gildi skólans höfð að leiðarljósi í leik og starfi.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar: Við gerðum okkar besta til að hafa lykilhæfni og grunnþætti menntunar til hliðsjónar við skipulag og kennslu.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Við upplifðum góðan stuðning frá stjórnendum við okkar störf. Við upplifðum traust og að á okkur væri hlustað og gátum leitað til stjórnenda eftir ráðgjöf þegar á þurfti að halda.

Samstarf við önnur teymi: Samstarf við önnur teymi var mjög takmarkað. Sóley og Þórdís, umsjónarkennari á yngsta stigi, sátu námskeið saman um læsi og gerðu samvinnuverkefni þvert á stig, en annars hefði mátt vera miklu meira um slíkt samstarf og verður vonandi nú þegar covid virðist loksins á undanhaldi.

Vettvangsferðir og viðburðir: Covid setti því miður eitthvað mark á viðburðahald vetrarins, sérstaklega á fyrri hluta. Miðstigsleikarnir voru til dæmis felldir niður í upphafi námsársins. Við fórum á Akrafjallið

í haustferð. Sjöundi bekkur rétt slapp við covid-fjöldatakmörkanirnar og komst í Reykjaskóla og var það mikið fjör. Í apríl var haldin árshátíð í skólanum og krakkarnir á miðstigi voru með fjölbreytt skemmtiatriði; bæði leikrit og tónlistatriði. Daginn eftir árshátíð skelltum við okkur svo suður til Reykjavíkur í fræðslu- og skemmtiferð. Þar var farið í siglingu í boði Faxaflóahafna og svo útileikir á Klambratúni áður en nemendur og starfsmenn belgdu sig út af pizzum.

Gestir og fyrirlesarar: Við fengum rithöfundinn Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur til að koma og kynna fyrir okkur nýjustu bækur sínar, Nornasögu 1, 2 og 3. Til að undirbúa okkur undir heimsóknina lásum við í samlestri Nornasögu 1 og var það ósköp notaleg stund að byrja daginn á bókalestri. Það skilaði sér einnig í því að margir ákváðu svo að klára seríuna og tóku bækur tvö og þrjú af bókasafninu og lásu heima. Við fengum einnig myndskreytirinn Ara Hlyn Guðmundsson Yates, sem teiknar myndirnar í Skólaslit t.d. og öðrum bókum, til að koma og fræða okkur um myndskreytingaferlið. Það var mjög áhugavert. Eins fengum við rosalega flott erindi frá myndlistarkonunni og umhverfisverndarsinnanum Júlíönnu Ósk Hafberg um fatasóun á Degi umhverfisins. Það vakti nemendur og starfsfólk til mikillar umhugsunar um eigin fataneyslu.

Ábendingar/Niðurstöður

Það sem gekk vel og ætti að halda:

- **Líðan nemenda og samskipti:** Líðan nemenda hefur almennt verið góð og samskiptin oftast góð á stiginu. Nemendur hafa staðið saman og stutt hvern annan á árinu.
- **Smærri námseiningar:** Það hefur reynst vel að skipta stiginu upp í smærri námseiningar og hafa í sitt hvorri stofunni.
- **Sérkennsla:** Sérkennslan hefur verið tekin í gegn og er mun markvissari en áður. Reynslan af bættri aðstöðu í námsveri hefur verið mjög góð. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og þó nokkrir nemendur sem hafa sértækar þarfir sem hefur gengið ágætlega að mæta.

Það sem má bæta:

- **Veita stuðning þar sem hans er þörf í hvert sinn:** Stuðningur hefur aðallega verið bundinn við námsver og ákveðna nemendur, en þegar vel gengur þar mætti virkja stuðningsfulltrúa í að mæta þörfum annars staðar t.d. vera stuðningur í bekk eða taka ákveðna nemendur í námsver og aðstoða. Nokkrir inni í bekk sem þyrftu betri stuðning í kennslustundum.
- **Frekari innleiðing leiðsagnarnáms:** Breyta skipulagi í stofunni, setja upp vinnustöðvar, bæta sjónrænt skipulag, útbúa lifandi námsveggi með viðfangsefnum og markmiðum námsins, koma á námsfélagakerfi, bæta námsmenningu almennt.
- **Úrræði fyrir nemendur með hegðunarvanda:** Auka þarf stuðning við nemendur með hegðunarvanda með skýrari verkferlum og ramma og betri eftirfylgni.
- **Aukin foreldrasamskipti:** Tíðari fréttapóstar á foreldra um hvað hefur verið gert í skólanum, hvað sé framundan. Virkja foreldra í námi barna sinna.
- **Betri eftirfylgd með því að nemendur skili verkefnum á réttum tíma:** Aukið aðhald og stuðningur fyrir þá nemendur sem lenda í vandræðum með verkefnaskil/lenda á eftir áætlun.
- **Betri eftirfylgd með stöðu nemenda í náminu:** Fara reglulegar yfir hvar nemendur eru á áætlun.

- **Skoða lestrarstefnuna:** Fara yfir breytingar á lestrarstefnu og fylgja henni betur í kennslustundum.

Lokaorð: Veturinn gekk heilt yfir vel. Þetta var skemmtilegur og fjölbreyttur hópur með fjölbreytilegar þarfir.

Sigrún Vigdís Gylfadóttir, Sigurður Þ. Sigurjónsson, Sigurður Hinrik Tómasson
og Sóley Bára Bergsteinsdóttir, júní 2022.

Teymi unglingastígs vorið 2022

Grunnupplýsingar

Teymið

Berglind 26 kest, Einar 26 kest., Katrín 6 kest.

Nemendur

26 nemendur

Skipulag innan teymis

Verkaskipting

Berglind og Einar voru bæði umsjónarkennarar allra nemenda og báru jafna ábyrgð. Foreldraviðtölum var skipt þannig að hvor kennari tók viðtöl við helming foreldra á báðum viðtalsdögum.

Umsjón og ábyrgð á fögum var skipt í meginráttum svona:

Berglind: Íslenska,

Einar: Enska, stærðfræði

Erna E. og Sigríður V.: stuðningur

Katrín Rós: Danska, náms- og starfsráðgjöf, sérkennsla og lífsleikni.

Sigrún: Yfirumsjón með námsveri.

Öðrum verkefnum var deilt og í fullu samstarfi og vorum við mjög sátt við teymið og okkar vinnu. T.d. voru náttúrufræði og samfélagsfræði kenndar í samþættum þemaverkefnum. Það gekk vel og ætti að haldast næstu skólaár.

Fundargerðir

Gert var ráð fyrir fundartíma hjá teyminu 13:40 á mánudögum auk þess sem teymið hittist á sama tíma á þriðjudögum þegar þurfti. Fundargerðum frá þeim fundum var deilt með skólastjórnendum á Sharepoint, en óhætt er að segja að formlegir fundir í teyminu hafi verið of fáir á þessu skólaári og fundargerðir því fáar. Þessi sameiginlegi tími fór oftast í undirbúning og faglegar umræður.

Helstu verkefni/þemu:

Eftirfarandi þemaverkefni voru unnin á þessu skólaári:

Strákurinn í röndóttu náttfötunum - Verkefni sem samþætti íslensku, samfélagsfræði, lífsleikni, ensku og dönsku. Unnið var út frá bókinni Strákurinn í röndóttu náttfötunum. Nemendur söfnuðu verkefnum í úrklippubók, einnig var verkefnum skilað rafrænt. Notast var við Nearpod.

Mannslíkamin - Verkefni sem samþætti íslensku, náttúrufræði, ensku og upplýsingatækni. Tekin voru fyrir líffærin.

Kynfræðsla – Við tókum þátt í Viku 6, sem Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir.

Verkfærakistan – Leiðtogaþjálfun, bekkjarandi.

Vatn og neysla - Þema ársins í umhverfismenntinni var vatn. Nemendur unnu ýmis verkefni yfir skólaárið tengd þessu þema.

Kennsluhættir

Heilt yfir litum við á hópinn sem eina heild. Við prófuðum á einum tímapunkti að skipta þeim upp í tvo hópa. Okkur fannst það ekki ganga vel og ákváðum því að breyta aftur og hafa flesta nemendur í einu rými. Stundaskráin breyttist lítið yfir skólaárið, nema að því leyti að við reyndum að vera sveigjanleg eftir atvikum.

Kennslurými

Þrjár kennslustofur voru til umráða líkt og áður. Kennslurýmið var nýtt þannig að Botnsskáli og Ferstikla voru eitt rými. Þyrill var notað sem námsver.

Stundaskrá

Stundaskráin var í föstum skorðum og breyttist lítið milli tímabila. Inni í stundaskrá voru svokallaðir vinnutímar, þar sem nemendur réðu í hvaða fagi þeir unnu. Þessir tímar eru orðnir órjúfanlegur partur af skólastarfinu í unglingadeild og voru þeir að venju vel nýttir af flestum nemendum. Stór hluti vikulegrar stundaskrár voru þematímar, þar sem unnið var að þemaverkefnum.

Skipulag náms

Kennsluhættir voru svipaðir og undanfarin ár. Mikil áhersla er á sjálfstæði nemenda í náminu en þó var nokkuð um beina kennslu með innlögnum í íslensku og stærðfræði. Áframhaldandi áhersla er á vendinám þar sem nemendur horfa á myndbönd þegar þeim hentar í tengslum við verkefnavinnu. Í því sambandi er vert að minnast á að nemendur okkar hafa aðgang að vefnum studyhax.is sem geymir mikið magn myndbanda í stærðfræði, íslensku og náttúrufræði. Kennslan var að mestu greinaskipt, utan áður nefndra þemaverkefna þar sem samfélagsfræði, náttúrufræði, enska og íslenska voru samþætt. Þemaverkefnið tókust vel og munum við halda þeim áfram næsta vetur.

Sem fyrr er tæknin notuð talsvert mikið í námi og kennslu. Kennarar og nemendur nýttu sér ýmsan hugbúnað sem nýtist vel t.d. Google Classroom, Quizlet, Kahoot!, Newsela o.fl. Google Classroom var miðpunktur utnumhalds með áætlunum og verkefnum nemenda og gafst það afar vel. Nemendur fengu vikuáætlanir þar inni og þurftu að standa skil á verkefnum og áætlunum þar. Við leggjum til áframhaldandi notkun á Google Classroom.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið.

Upplýsingaflæði

Við notuðum Mentor, tölvupóst og símtöl til þess að koma skilaboðum, fréttum og tilkynningum áleiðis til foreldra. Tilkynningar til nemenda fóru iðulega í gegnum Google Classroom. Umsjónarkennarar sáu um upplýsingaflæðið, sömdu pósta saman og sumar tilkynningar en annað eftir þörfum hvers og eins en teymismeðlimir voru meðvitaðir um hverju hinir voru að miðla. Upplýsingamiðlun innanhúss fór að stórum hluta fram í gegnum tölvupóst og Teams.

Náms- og kennsluáætlanir

Áætlanir voru settar fram á nokkra vegu (misjafnt eftir þörfum nemenda):

- Á Mentor.is
- Í formi vikuáætlana á Classroom
- Á pappír

Sérstaða skólans

Uppeldi til ábyrgðar

Við gerðum bekkjarsáttmála og fórum í vinnu tengdu Uppeldi til ábyrgðar samhliða honum. Einnig unnum við verkefni úr Verkfærakistunni og það er margt í henni sem hægt er að tengja við stefnu Uppeldi til ábyrgðar.

Spjaldtölvur/fartölvur

Mikið notaðar í unglingadeild í öllu okkar starfi.

Umhverfismennt

Tókum þátt í Degi íslenskrar náttúru og Survivor. 20 mínútur daglega í útinám og auk þess sérstakir útitímar þegar tók að vora. Þema ársins var vatn og voru því gerð góð skil, sérstaklega í þemaviku á haustönn. Auk þess var áhersla á fatasóun.

Gildi skólans

Gildi skólans, samvinna, vellíðan, virðing og metnaður, voru sýnileg í starfi unglingadeildar á þessu skólaári. Nemendur unnu töluvert í samvinnu. Reglulegar umræður um virðingu skiluðu sér í bættri hegðun og framkomu og sýndu kennarar og flestir nemendur mikinn metnað í sínum störfum.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar

Við gerðum okkar besta til að hafa lykilhæfni og grunnþætti menntunar í huga við skipulag og kennslu.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf

Við upplifðum góðan stuðning frá stjórnendum við okkar störf. Við upplifðum að okkur væri treyst til að sinna okkar störfum og gátum leitað til stjórnenda eftir ráðgjöf þegar þurfti.

Samstarf við önnur teymi

Samstarf við önnur teymi var af skörum skammti og mætti vera mun meira.

Vettvangsferðir

Haustferð

Að þessu sinni var hjólað úr Heiðarskóla um Svínadal yfir í Skorradal. Þegar við mættum í Skorradal, var hópur frá Borgarnesi mættur á svæðið. Skálinn hafði verið tvíbókaður. Því var reddað með því að rútan kom og sótti okkur og skutlaði í Brautartungu í Lundarreykjadal. Þar gistu nemendur saman í sal og við höfðum aðgang að ágætis eldhúsi. Það var hægt að fara í sund, sumir nýttu sér það. Aðrir spiluðu og spölluðu. Um kvöldið var farið í hina árlegu spurningakeppni, stelpur á móti strákurum.

Nokkrir nemendur tóku ekki þátt í hjólaferðinni en mættu í gistinguna, við mælum ekki með því nema um mjög sértækar þarfir sé að ræða og þá í góðu samstarfi við foreldra. Ástæðan er sú að þeir nemendur sem ekki hjóluðu voru ekki á sama stað og aðrir í ferðinni sem voru dauðþreyttir eftir átök dagsins. Einnig finnst okkur mikilvægt að það fari einhver á bíl og aðstoði hjólagarpa sem gefast upp á því að hjóla.

Skólabúðir á Laugavatni

9. bekkur og Einar fóru á Laugarvatn í október. Þar gekk allt að óskum en dvölin fékk snöggan endi þegar Covid-smit kom upp hjá nemanda úr öðrum skóla. Allir voru sendir heim seint á fimmtudagskvöldi og beint í sóttkví næstu 5 daga eða svo. Til stóð að 10. bekkur færi á Laugarvatn í mars en ekkert varð af því vegna áhugaleysis meðal nemenda. Þess í stað fór öll unglingadeildin í dagsferð til Reykjavíkur um miðjan mars. Farið var af stað í kringum hádegis, farið á pizzahlaðborð á Italiano, í trampólíngarðinn Rush og endað á bío í Smáralind. Þetta var frábær ferð og allir skemmtu sér vel.

Skólabúðir í Reykjaskóla

8. bekkur og Einar fóru í áður frestaða ferð í Reykjaskóla í lok september. Þar gekk allt eins og í sögu, nemendur voru til fyrirmyndar og góð tilbreyting að dvelja þarna á þessum árstíma í stað janúar eða febrúar.

Skólahreysti

Ekki náðist að manna lið í skólahreysti þetta skólaár.

Lokaferð unglingadeildar

Unglingadeildin fór að þessu sinni í Heydal við Ísafjarðardjúp ásamt umsjónarkennurum og Sigrúnu. Þar dvaldi hópurinn frá mánudegi til miðvikudags og naut samverunnar í ágætu veðri. Nemendur fóru í reiðtúr og í siglingu á kayak þar sem þeir komust í nánd við seli. Sundlaugin var einnig mikið notuð af nemendum. Þessi ferð tókst í alla staði vel að nær öllu leiti.

Aðrar ferðir á vegum skólans

Tæknimessa FVA og iðnfyrirtækja 31. mars. Skíðaferð í Bláfjöll 4. apríl. Lyngbrekkuball í maí, haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi, um 10 nemendur fóru. Skemmtiferð til Reykjavíkur.

Viðburðir

Jólsen - jólsen mótið:

Allir nemendur unglingadeildar tóku þátt í Jólsen – jólsen (ólsen – ólsen) sem haldið var á litlu jólunum.

Fullveldishátíð

Nemendur unglingadeildar æfðu og sýndu leikrit í matsalnum á skólatíma. Nánast allir tóku þátt í þessu verkefni á einhvern hátt og afraksturinn var fín sýning. Ekki var mögulegt að halda hefðbundna Fullveldishátíð fyrir foreldra og gesti sökum gildandi takmarkana vegna covid.

Árshátíð unglingadeildar

Ekkert varð af árshátíð unglingadeildar þetta árið.

Kynning á námi í framhaldsskólum

Nemendur í 9.-10. bekk fengu kynningu á Menntaskóla Borgarfjarðar annars vegar og FVA hins vegar.

Gestir og fyrirlesarar

Þorgrímur Þráinsson hitti unglinga í lok janúar og ræddi um ábyrgð í námi og fleira í fyrirlestrinum Verum ástfangin af lífinu. Eyjólfur Örn Jónsson kom í byrjun maí og ræddi um netöryggi og samskipti á samfélagsmiðlum. Geðlestin 27. maí, geðfræðsla fyrir nemendur í unglingadeild, samstarfsverkefni Geðhjálpar og Hjálparsíma Rauða krossins + MC Gauti.

Niðurstöður

Það sem gekk vel og ætti að halda:

- Vinnutímar, við minnkuðum vægi þeirra aðeins frá því á síðasta skólaári og það gekk vel. Við leggjum til að halda því þannig.
- Verkefnaskil og utenumhald á Google Classroom
- Nemendaviðtöl
- Stýrð yfirferð í stærðfræði
- Þemaverkefni
- Innlagnatímar í íslensku og stærðfræði

- Námsver er frábær viðbót og aukinn við stuðningur við nemendur með sértæka námsörðugleika. Sigrún Vigdís, Sigga Vill og Erna E. sáu um námsverið og gekk það mjög vel. Það skilaði sér í betri stuðningi við nemendur með sértæka námsörðugleika.

Það sem má bæta:

- Betri eftirfylgd með því að nemendur skili verkefnum á réttum tíma: Leggja áherslu á skilátíma verkefna og styðja betur við þá nemendur sem lenda í vandræðum með verkefnaskil.
- Markmiðasetning: Fylgja betur eftir að nemendur séu að setja sér og stefna að sínum markmiðum.
- Einstaklingsviðtöl: Að hafa fyrirfram tímasett tímabil þar sem einstaklingsviðtöl skuli fara fram að lágmarki og gefa okkur betri tíma til viðtala utan þess tíma.
- Betri úrræði og eftirfylgni fyrir nemendur með hegðunarvanda.

Lokaorð

Í heildina litið erum við ánægð með skólaárið, þó auðvitað sé alltaf eitthvað sem hægt er að gera betur. Samstarfið gekk vel.

Berglind Bergsdóttir, Einar Sigurðsson, Katrín Rós Sigvaldadóttir
og Sigrún Vigdís Gylfadóttir, júní 2022

Skýrsla List- og verkgreinakennara vorið 2022

Grunnupplýsingar

Erna Rafnsdóttir: Heimilisfræði, textíl og val á unglingastigi. (1-2.b.:Leikur og list. 3.- 9.b, 18 kest)

Helena Bergström. Myndmennt, smíði og val á unglingastigi. (1.-2.b. Leikur og list.3.-9.b. 17,5 kest)

Berglind Bergsdóttir: Val í unglingadeild (2 kest).

Hildur Jónsdóttir: Tónmennt (1. - 7. bekkur og svo val 8.-10. b, 8,75 kest).

Skipulag í teymi:

Skólaárinu var skipt í tvö tímabil. Myndmennt og heimilisfræði átti að kenna á haustönn og smíði og textíl á vorönn. Tónmennt var kennd einu sinni í viku.

Svo komu upp raka- og mygluskemmdir í list- og verkgreinarými og víðar í skólanum þannig að smíða-textíl- og myndmenntastofu var lokað vegna viðgerða frá nóvember út miðjan mars.

Covid-19 hefur líka haft áhrif á kennsluna í vetur, vegna takmarkana og veikinda.

Við hittumst lítið þar sem við kenndum mjög mikið á mismunandi tímum, vinnuhlutfallið mis- mikið og vegna lokunar kennslurýma. Berglind og Helena hittust til að skipuleggja unglingaval. Ekkert samstarf var milli námshópa.

Kennsluhættir:

Kennsluhættir í list- og verkgreinum eru alla jafna mjög fjölbreyttir. Nemendur taka þátt eftir eigin forsendum og útkoman verður oft mjög mismunandi. Við notum oft veraldarvefinn til að afla okkur upplýsinga og hugmynda. Við ræðum t.d. efnisnotkun út frá umhverfissjónarmiðum, við notum sýnikennslu og við leggjum áherslu á að skipuleggja og hanna verkefnið vel áður en verklegi þátturinn fer fram. Í list- og verkgreinum er verkleg vinna alls staðar tengd þekkingu úr öðrum fögum, ekki síst stærðfræði og íslensku.

Upplýsingaflæði:

Upplýsingaflæði er almennt gott en mætti búa til grunnupplýsingar fyrir nýtt starfsfólk, t.d. frágang á stofum.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar:

Í list- og verkgreinum fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska hæfileika, dýpka hann og læra leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfsþekkingu og finna hæfileikum sínum farveg. Í list- og verkgreinum fá nemendur að vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Þar er markviss þjálfun í hverri námsgrein fyrir sig sem reynir á ólíka þætti í mismiklum mæli eftir eðli verkefna. Þannig geta nemendur notað öll skilningarvitin og aflað sér þekkingar t.d. í gegnum lestur, hlustun, skoðun, efniskönnun, lykt og smökkun og prófa sig áfram með sínar hugmyndir. Í samspili þarf að fylgja hinum í hópnum, sem hjálpar til við að kenna þeim að taka tillit til hvers annars. Það eitt og sér ytir undir mannréttindi, jafnrétti og heilbrigð samskipti, auk þess sem sköpunarkrafturinn fær að blómstra.

Stuðningur stjórnenda:

Í vetur höfum við fengið góðan stuðning fyrir nemendur með sérþarfir og/eða hegðunarerfiðleika. Við höfum fengið betri vinnufrið og öruggara umhverfi í myndmennt og sérstaklega í smíðastofunni. Það hefur komið fyrir að við höfum þurft að taka nemendur úr smíðakennslunni þar sem ógnandi hegðun gæti haft sérstaklega alvarlegar afleiðingar.

Áherslur skólans:

„Uppeldi til ábyrgðar“ hefur ekki verið nýtt að ráði, ef við höldum áfram með þá stefnu þurfum við endurmenntunn, sérstaklega nýtt starfsfólk.

Umhverfismeðvitund er mikilvægur þáttur í list- og verkgreinum þar sem við kaupum inn efni með ákveðinni sögu (kolefnisfótspor). Við ræðum neyslu okkar og kynnum málefnið við innlögn verkefna.

Spjaldtölvur og veraldarvefurinn eru notuð til að afla sér upplýsinga og hugmynda. Ekki var þó unnt að nýta spjaldtölvur eins og best væri á kosið í tónmennt vegna tæknilegra örðugleika.

Myndmennt - Helena Bergström

List- og verkgreinarými var lokað frá nóvember og fram í miðjan mars og kennslan fór fram í almennri kennslustofu. Vegna breyttra aðstæðna þurfti kennslan að aðlagast þar sem það vantaði uppá efni, tæki og verkfæri. Tímabilið var líka töluvert lengra en venjulega. (ágúst-mars)

Val hjá unglingum var í gangi allan veturinn á föstudögum. Vetrinum var skipt í þrjú val tímabil. „Ljósmyndaval“, „Fræg mannvirki og hönnun“ og „Smíði, gler og leir“.

Í myndmenntakennslu eru margir möguleikar til fjölbreyttra kennsluhátta og nemendur hafa mikið svigrúm fyrir sköpun á eigin forsendum. Við notum fjölbreytt efni, tækni og miðla og með hækkandi aldri geta nemendur valið svolítið hvar áherslan liggur eftir áhuga hvers og eins. Yfirleitt geta allir nemendur unnið flest verkefni sem lögð eru fyrir þó útkoman verði mjög ólík.

Smíði - Helena Bergström

Smíðakennsla frá mars og út maí, vegna viðgerða í list- og verkgreinarými. Vegna þessa ástands breyttust möguleikarnir til smíða en mörgum nemendum tókst samt að vinna flott verkefni.

Í smíðakennslu er lögð áhersla á að nemandinn vinni sjálfstætt og kynnist fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Einnig er lögð áhersla á hönnunarferli og mótun út frá notkun og endingu. Í smíðatíma fléttast þekking frá bóklegu námi inn í vinnuna eins og t.d. við mælingar og útfærslu á vinnuteikningu.

Í smíði þjálfast einbeiting, iðjusemi og verkfærni. Útkoma verkefnanna er mjög mismunandi eftir nemendum, allir vinna eftir sínum forsendum og mikið svigrúm er gefið til að velja sér verkefni eftir getu og áhugamálum.

Heimilisfræði - Erna Rafnsdóttir

Nám í heimilisfræði snýst um næringu og hollustu, matreiðslu og vinnubrögð, matvælafræði, hreinlæti, neytendafræði og umhverfisvernd.

Nemendur fá þjálfun í undirstöðupáttum heimilisstarfa svo að þeir geti tekið þátt í störfum heima fyrir og orðið sjálfbjarga um heimilisrekstur þegar þeir yfirgefa foreldrahús. Með breyttum þjóðfélagsháttum hefur stærri hluti af þessu verkefni færst frá heimilum til skóla þó að heimili og fjölskylda sé áfram burðarásinn í lífi nemenda.

Val í heimilisfræði fyrir unglinga var alla þriðjudaga og fengu nemendur frjálssar hendur hvað þau vildu elda/baka hverju sinni.

Textílmennt - Erna Rafnsdóttir

Textílnám byggist á þekkingu á eðli efna og vinnuferla og ríkri hefð nýtingar og endurnýtingar. Í nútímasamfélagi verður æ brýnna að koma í veg fyrir mengun og sóun efna með endurnýtingu og endurvinnslu efnislegra gæða. Slíkum markmiðum verður ekki náð nema almenningur hafi þekkingu á efnum og eiginleikum þeirra og hafi þá færni sem þarf til að hagnýta sér þessa eiginleika.

Í textílmennt er stefnt að því að efla mismunandi túlkunaraðferðir nemenda og jákvætt námsmat á að vera leiðbeinandi, gefa nemendum ábendingar um stöðu sína og veita þeim hvatningu. Í samráði við kennara í 10. bekk var ákveðið að láta nemendur útbúa árbækur og var val tími nýttur í þá vinnu.

Tónmennt - Hildur Jónsdóttir

Tónmenntakennsla var allt skólaárið, þó settu forföll og óveðursdagar (sem voru iðulega á mánudögum) sitt mark á tímafjöldann. Á yngsta stigi var unnið með frumþætti tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og form, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Áhersla var lögð á verklega tónmennt þar sem nemendur kynnastrax fjölbreyttum hljóðfærum og handleika þau. Í 3. bekk lærðu nemendur á blokkflautur og í 4. bekk á ukulele ásamt því að byrja í rafmögnum samspili. 5. bekkur hélt áfram með ukulele og rafmagnað samspil en í 6.- og 7. bekk var lögð áhersla á trommufötur, tónlistarkynningar og tónlist og tölvur.

Árshátíðin vakti mikla lukku en síðasta foreldrasýning var 2019. Þá spilaði 3. bekkur tvö lög á blokkflautur og 4. og 5. bekkur fluttu lag í rafmögnum samspili.

Í unglingavali var boðið upp á hljómsveitarval, ukulele val og tölvur og tónlist.

Ábendingar:

Við óskum eftir að skólinn samræmi vinnuna í Mentor fyrir list- og verkgreinar með tilliti til námsmats sem er einstaklingsmiðað og stjórnumerkt.

Lokaorð:

Vegna Covid-19 og viðgerða í list- og verkgreinarmáli hafa verið mjög takmarkaðir möguleikar til samstarfs við aðra skóla, teyma eða á milli okkar list- og verkgreinakennara í Heiðarskóla. Þetta ástand á vonandi eftir að batna.

Júní 2022, Hildur Jónsdóttir, Helena Bergström og Erna Rafnsdóttir

Skólaípróttir vorið 2022

Grunnupplýsingar: Sólrún Sigþórsdóttir sá um íþrótt- og sundkennslu á öllum stigum, 24 kst., auk 6 leikskólatíma á hvorri önn. Allir bekkir fengu 2 kst. í íþróttum og 1 kst í sundi á viku, nema 1., 2. og 3. bekkur fékk tvo sundtíma. Unglingar fengu auka 2 kst í val á viku þar sem hægt var að velja íþróttir.

Helstu verkefni: Settar voru upp lotur, þemu, þar sem farið var yfir ákveðnar íþróttagreinar, ásamt því voru kenndir fjölbreyttir leikir sem reyndu á mismunandi kerfi líkamans. Farið var yfir grunn sundfærni, ásamt því var leitast eftir að bæta tækni, þol og auka vellíðan í vatni. Ákveðinn stígandi var í ákefð og lengd verkefna.

Kennsluhættir: Leitast var við að hafa kennsluhætti eins fjölbreytta og einstaklingsmiðaða og hægt var, með ákveðni um bættan árangur og líkamsástand yfir veturinn. Áhersla var á að virkja þátttöku sem flestra og félagslega blöndun innan hópa.

Upplýsingaflæði: Upplýsingar bárust vel á milli bygginga. þar sem nokkur fjarlægð er á milli húsa fóru samskipti helst fram símleiðis.

Náms- og kennsluáætlanir: Náms og kennsluáætlanir lágu fyrir á haustönn og tóku þó nokkrum breytingum yfir veturinn. Aðlaganir og útfærslubreytingar komu jafnt og þétt með aukinni reynslu og þekkingu á nemendahópum. Hóparnir voru ólíkir og mis krefjandi, og þar af leiðandi urðu verkefni útfærð öðruvísi með þeim en áætlað var í byrjun. Bæta mætti bóklegu fræðsluna til að uppfylla þau hæfniviðmið. Kennari átti samræður og fræðslu með nemendum í byrjun eða lok tíma ef vel stóð á sem vó upp á móti.

Grunnþættir menntunar: Eftirfarandi þættir eru til grundvallar í markmiðasetningu fyrir hvern námshóp fyrir sig með aðlögun að þroska og samsetningu hópanna. Matsviðmiðin byggjast á þeim.

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: Hreyfi sig alla daga vikunnar, um 60 mín á dag eða lengur - Taki þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir-, líkams- og heilsurækt (íþróttir og sund) með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi - Hafi grunnþekkingu á mikilvægi góðrar næringar og nægum svefni og hvíld.

JAFNRÉTTI: Stundi fjölbreytta hreyfingu án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi - Allir þátttakendur hafi sömu réttindi til þátttöku í íþróttum burt séð frá kyni, aldri, kynþætti og líkamlegu atgervi - Læri að taka tapi og sigri í leik og keppni - Hafi fengið kynningu á þeim íþróttagreinum sem í boði eru í nærsamfélaginu.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: Hafi fengið tækifæri til að velja sér hreyfingu við hæfi, á vegum skólans eða í nærsamfélaginu, þar sem hann fær tækifæri til að hafa áhrif á val á námsþáttum - Hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu a.m.k. 3x í viku í 40 mín í senn.

LÆSI: Fá tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan - Þekki áhrif leikja og þjálfunar á helstu líffæri eins og hjarta, lungu, vöðva og taugakerfi - Þekki heiti helstu líkamshluta - Tileinki sér reglur í leikjum, geti skorið úr ágreiningi sem upp kemur á jákvæðan hátt - Læri að lesa í aðstæður/umhverfi, náungann og sjálfan sig - Tileinki sér almennar reglur íþróttamannvirkja.

SJÁLFBÆRNI: Fá tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg. Þjálfist í því að fara rólega af stað í upphafi og lok reglubundinnar hreyfingar og skilja hvers vegna, þekki eigin takmörk og getu. Hafi ánægju af því að hreyfa sig reglulega og læri að nýta umhverfið til líkams- og heilsuræktar. Sé meðvitaður um gildi æfinga sem stundaðar eru í íþróttatímum

SKÖPUN: Fá tækifæri til að búa til eða hanna reglur/ leik/dans/hreyfingu.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Stuðningur stjórnanda var alltaf til staðar og auðvelt var að leita þar ráða. Ég upplifði mikið traust til að sinna mínu starfi.

Einstaklingsmiðun: Alltaf er leitast við að breyta og aðlaga æfingar/verkefni að einstaklingum. Öll börn hafa komið í hefðbundnar kennslustundir og þörfum þeirra mætt, það hefur gengið vel og framför verið í hreyfigetu og úthaldi. Einn nemandi fékk nokkra tíma í sérkennslu. Samstarf við stuðningsfulltrúa hefur verið nokkuð og sundkennari fengið hjálp bæði ofaní og á bakka laugarinnar. Leiðbeiningar voru gerðar um æfingar sem hægt var að gera í skólahúsnæðinu (utan íþróttatíma) til að efla hreyfiþroska og færni.

Ábendingar: Ég myndi vilja hafa sitt hvora námsskrána fyrir sund og íþróttir. Erfitt og leiðinlegt að gefa eina einkunn fyrir báðar greinar, þar sem margir stóðu sig eins og hetjur í íþróttum en mættu illa í sund og hafði það mikil áhrif á lokaeinkunn.

Lokaorð: Til að taka saman skólaárið, þá hefur heilt yfir gengið vel. Samskipti við nemendur hafa gengið vel, gleði, mikil útrás og keppnisskap hafa einkennt flesta tíma. Covid-19 hafði einhver áhrif á okkur enn eitt árið og varð þess valdandi að nokkrir nemendur og kennari misstu fleiri tíma út en vanalegt þykir, og hafði því smá áhrif á viðfangsefni vetrarins. Mælingar mættu vera markvissari eins og áætlað

var í byrjun vetrar. Hæfni nemenda var að hluta til metin í tíma, í gegnum leiki og æfingar allan veturinn í bland við stöðluð próf sem reyndu á fjölbreytta hæfni. Áherslur sem hafa má í huga fyrir næsta skólaár er að skerpa á mikilvægi hreinlæti í tengslum við hreyfingu og heilsurækt. Einnig má halda áfram að leggja áherslu á bættu sundmenningu og finna leiðir til að hvetja nemendur til þess að iðka sund sér til heilsubótar og gleði. Markmiðasetningu mætti líka kenna betur og innvinka betur inn í tímana, og fylgja því betur eftir að nemendur séu að setja sér og stefna að sínum markmiðum.

Sólrún Sigþórsdóttir, júní 2022

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa vorið 2022

Skólaárið 2021 – 2022 var stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa hækkað upp í 50% og hefur þörfin á því komið skýrt í ljós. Mikil aðsókn hefur verið í þessa þjónustu hjá nemendum á öllum stigum skólans. Auk persónu- og hópráðgjafa hefur náms- og starfsráðgjafi hitt hvern bekk skólans einu sinni í viku og kennt lífsleikni/náms- og starfsfræðslu.

Með 10. bekk hefur náms- og starfsráðgjafi fjallað um ólík störf, hvað þau fela í sér og hvaða eiginleika og menntun þarf til að gegna þeim. 10. bekkur hefur einnig fengið framhaldsskólakynningar frá náms- og starfsráðgjafa, fengið kynningu frá FVA og MB sem og heimsótt MB. Nemendur fóru í áhugasviðsgreininu, fengu kynningu á námstækni og gerð ferilskráar og gátu loks farið í sínar hefðbundnu starfskynningar.

Með nemendum í 8. og 9. bekk hefur náms- og starfsráðgjafi unnið að eflingu félagsfærni með aukinni sjálfspekkingu nemenda, eflingu samskiptafærni, umræðu um tilfinningar og áhrif þeirra á hugsanir og hegðun. Einnig var farið í líkamsímynd ofl.

Með miðstigi hefur náms- og starfsráðgjafi unnið með félagsfærni og sjálfspekkingu. Unnið með eflingu sjálfsmyndar, markmiðasetningu, jafnrétti, kennt leiðir að betri samskiptum og fjallað um hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti. Í vetur var lögð sérstök áhersla á færni í að koma fram og tala fyrir framan hóp.

Með yngsta stigi hefur náms- og starfsráðgjafi unnið með félagsfærni, eflingu samskiptahæfni og tilfinningaþroska. Farið í gildi eins og ábyrgð, virðingu, samvinnu og jafnvægi. Að auki hefur náms- og starfsráðgjafi unnið með núvitund og aðferðir Hugarfrelsis til að efla börn. Þar er lögð áhersla á góða og djúpa öndun, slökun, hugleiðslu og sjálfsstyrkingu. Í vetur var lögð sérstök áhersla á færni í að koma fram og tala fyrir framan hóp.

Einstaklings- og hópráðgjöf: Náms- og starfsráðgjafi hefur veitt bæði persónulega- og hópráðgjöf varðandi félagsfærni og samskipti, einelti, kvíða, námsval, námstækni, sjálfsstyrkingu ofl. á öllum stigum.

Önnur störf: Náms- og starfsráðgjafi hefur verið í samstarfi við aðra sérfræðinga, kynnt starf náms- og starfsráðgjafa, haft samráð við náms- og starfsráðgjafa í öðrum skólum, setið í eineltisteymi og sinnt þeim málum sem þar hafa komið upp, setið nemendaráðsfundi, starfsmanna- og kennarafundi.

Tillögur fyrir næsta skólaár: Mikilvægt er að halda stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í 50% þar sem full þörf er þar á.

Katrín Rós Sigvaldadóttir, júní 2022

Skýrsla frá starfsfólki í tómstund vorið 2022

Tómstund var starfrækt mánudaga til föstudaga frá kl. 12:50 – 13:30. Alls voru 33 börn í tómstund og þrír starfsmenn.

Í tómstund er áhersla á skapandi starf og frjálsan leik, úti eða inni. Í frjálsa leiknum fær sköpunargleði barnanna að njóta sína. Einnig er áhersla á hreyfingu. Reynt er eftir megni að bjóða börnunum upp á val og þannig að mæta þörfum þeirra og löngunum. Ýmist var verið úti, í leikstofu eða á bókasafni.

Tómstund gekk heilt yfir vel í vetur og börnin virtust njóta sín í frjálsa leiknum.

Valdís, Erna og Sigríður Lára, vorið 2021

Íslenskukennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í Heiðarskóla

Undirritaðar hafa í vetur hitt nemendur sem hafa annað tungumál en íslensku á öllum stigum skólans. Áherslur og form kennslunnar hafa verið mismunandi eftir því á hvaða stigi nemendur voru, yngsta-, mið-, eða unglingastigi. Þó voru markmiðin ávallt þau sömu.

- Að auka orðaforða, hugtakaskilning og hæfni tvítyngdra barna í íslensku
- Að nemendur fái þau verkfæri sem nýtast þeim best til að geta tjáð sig og geti komið þörfum sínum og skoðunum á framfæri í öllum aðstæðum. T.d. tákn, myndir og sjónrænt skipulag.
- Að nemendur geti notað bækur, öpp og verkefni í ólíkum aðstæðum (bæði úti og inni) sem auka skilning á íslensku samfélagi og orðanotkun.
- Að nemendur geti leitað að upplýsingum á netinu og séu meðvitaðir um forrit sem hægt er að nota til leiðréttingar á stafsetningu við gerð ritgerða og þar með aukið færni sína í íslenskri málfræði.
- Að spila og hafa gaman, því það eykur gleði, félagslegan skilning og tjáskipti.

Einnig var mikið lagt upp úr því að styðja sérstaklega við tvítyngd börn innan námshópa í íslensku málumhverfi og leggja áherslu á samtal við fullorðna og jafnaldra því miðað við rannsóknir gagnast það þeim best að ná tökum á íslensku. Á yngsta stigi voru 4 börn sem fengu kennslu, 4 á miðstigi og 3 á unglingastigi eða samtals 11 nemendur.

Íslenskukennsla fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku er afar mikilvægt nemendum með erlent móðurmál/annað mál, á öllum skólastigum þó að íslenskuskilningur og kunnátta séu mjög misjöfn. Æfingin skapar meistarann og allt sem veitt er athygli vex og dafnar.

6. júní 2022 Ólöf Guðmundsdóttir og Sigrún Vigdís Gylfadóttir

Skýrsla frá starfsfólki í frístund vorið 2022

Á skólaárinu var frístundapjónusta gegn gjaldi í boði fyrir foreldra í fimmta sinn fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Frístund var starfrækt mánudaga til fimmtudaga frá kl. 13:30 – 16:30 frá 1. september til og með 16. desember. Fyrir áramót var samþykkt í sveitarstjórn að auka opnunartíma frístundar. Frá áramótum var frístund líka opin á föstudögum og á útinámsdögum auk þess sem hún verður framvegis starfrækt frá fyrsta skóladegi í ágúst til síðasta skóladags í júní. Auk þess var ákveðið að bjóða upp á sumarfrístund, 10 daga í senn, annars vegar í júní og hins vegar í ágúst. Tveir starfsmenn sáu um frístund til kl. 16:00 en frá 16:00 – 16:30 var einn starfsmaður í frístund.

Í frístund var ýmist boðið upp á frjálsan leik í leikstofu, rólegheit á bókasafni eða útiveru. Reynt var að mæta þörfum barnanna um viðfangsefni t.d. var vinsælt að kubba, lita, tefla, teikna, búa til leikrit, leika með púða, kapplakubba, spila, leira, leika með leirsand, búðarleikur, eltingaleikur, teikna og skrifa á töfluna. Nokkrum sinnum var farið með hópinn í íþróttasalinn í Heiðarborg og gönguferðir. Frjáls leikur og sköpun var allsráðandi í frístund. Börnin fengu hressingu kl. 15:00. Heilt yfir gekk frístund vel. Hlustað var á börnin og hugsað um tilbreytingu. Börnunum kennt að ganga frá þegar skipt var um leik. Börnunum virtist líða vel og ekki annað að heyra en foreldrar væru ánægðir með frístundastarfið.

Í heildina voru 24 börn skráð í frístund á árinu ýmist í styttri eða lengri tíma. Skipting eftir bekkjum var eftirfarandi:

1. bekkur	5
2. bekkur	12
3. bekkur	4
4. bekkur	3
Samtals	24

Fjöldi skráðra barna eftir mánuðum og dögum var eftirfarandi:

	Mánudagar	Þriðjudagar	Miðvikudagar	Fimmtudagar	Föstudagar
September	13	15	11	13	
Október	13	16	8	11	
Nóvember	13	16	8	12	
Desember	14	17	9	13	
Janúar	12	17	11	11	4
Febrúar	15	18	10	12	3
Mars	13	17	10	12	4
Apríl	14	18	11	15	5
Maí	14	18	12	14	5

Skýrsla frá starfsfólki í vorfrístund

Að beiðni Foreldrafélags Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar samþykkti sveitarstjórn í lok árs 2021 að bjóða upp á sumarfrístund gegn gjaldi fyrir foreldra barna í 1. – 4. bekk, annars vegar 10 daga í júní, vorfrístund og hins vegar 10 daga í ágúst, haustfrístund.

Vorfrístund var starfrækt 9. – 23. júní og var opin frá kl. 8:00 – 16:15. Þrír starfsmenn sáu um vorfrístund. Greinilegt er að mikil þörf er fyrir þessa þjónustu í sveitarfélaginu því samtals voru 19 af 33 börnum á yngsta stigi skráð í vorfrístund. Þar af voru 10 börn sem nýttu alla 10 dagana. Önnur börn voru ýmist 1, 2, 5, 6, 8 eða 9 daga.

Vorfrístund var aðallega starfrækt í Álfholtsskógi þar sem foreldrar mættu með og sóttu sín börn í Furuhlíð að undanskildum tveimur dögum. Annars vegar var mæting í Steinsholt þar sem hópurinn fékk m.a. að skoða kalkún og hesta og þeir sem vildu fengu að fara á bak. Hópurinn gekk svo í Heiðarskóla þar sem rúta ók börnum og starfsfólki í Álfholtsskóg. Hins vegar var mæting í heimahús á Akranesi þar sem hópurinn fór m.a. í gönguferð og sund. Þar fyrir utan var einu sinni farið með rútu frá Álfholtsskógi í Borgarnes þar sem m.a. var farið á Bjössaróló, Fuglasafnið skoðað og keyptur ís á línuna.

Börnin mættu alltaf með morgunávöxt og síðdegishressingu og yfirleitt með hádegisnesti. Stöku sinnum var þó grill í boði vorfrístandar.

Stofnaður var lokaður facebook hópur þar sem forráðamenn fengu myndir og upplýsingar reglulega um viðfangsefni hverju sinni. Mikil ánægja var meðal foreldra með það fyrirkomulag.

Gjald per dag var 2000 kr. fyrir barn og heildartekjur vorfrístandar voru 302.000 kr. Það fjármagn var nýtt í afnotagjald fyrir aðstöðuna í Furuhlíð, rútuferðir, grillveislur o.fl.

Heilt yfir gekk vorfrístund framúrskarandi vel. Mikil ánægja var á meðal barna, foreldra og starfsmanna með fjölbreytt og skemmtilegt frístundastarf, frábæra staðsetningu í Furuhlíð, mikla hreyfingu og útiveru, einstaklega góð félagsleg samskipti á milli barna og frjálsan leik í náttúrunni.

Valdís, Halldóra, Hjördís og Sigríður Lára, júní 2021

Skýrsla frá umsjónarmanni bókasafns Heiðarskóla vorið 2022

Almennar upplýsingar um starfsárið á bókasafni Heiðarskóla

Á bókasafninu störfuðu Sóley Bára Bergsteinsdóttir og Jóhanna Sigríður Vilhjálmsdóttir. Að auki tóku aðrir kennarar afleysingar þegar á þurfti að halda. Opnunartímar voru hvern virkan dag frá kl. 8:10-8:50. Til umsjónar bókasafns voru til umráða þrjár klukkustundir á viku, þar af voru tvær stundir nýttar í afgreiðslu. Safnið var einnig nýtt í kennslu af öðrum kennurum og í tómstund á yngsta stigi. Þá kom safnið líka að góðum notum þegar leikskólinn sameinaðist skólanum tímabundið í vetur vegna viðgerðar á húsnæði. Það var þá í mjög mikilli notkun og alltaf líf og fjör.

Starfsemi á safninu

Í október var drauga- og hryllingsbókaþema á bókasafninu í tilefni af Hrekkjavökunni. Óhugnanlegum bókum var gert hærra undir höfði og þeim var stillt sérstaklega upp.

Í lok nóvember var keypt inn eitthvað af nýjum bókum úr jólabókaflóðinu, sem vakti mikla lukku hjá lesendum. Nemendur gátu haft sitt að segja um valið, en þeir gátu skilið eftir ábendingar um nýjar og spennandi bækur hjá bókavörðum.

Í desember fór venju samkvæmt fram jólalestur. Þá fengu jólabækurnar heiðursess í hillum safnsins. Eitthvað var líka keypt af nýjum jólabókum.

Í lok janúar, byrjun febrúar fóru innkaup á bókum fram. Það var sérlega ánægjulegt að fara og kaupa bækur sem höfðu verið settar á óskalista hjá bókavörðum yfir veturinn og eftir þeim var beðið með óþreyju.

Í mars lögðum við áherslu á unglingabækur, gerðum þeim hærra undir höfði og gerðum þær sýnilegri í tilraun til að lokka unglingana að - sem tókst ágætlega.

Í mars og apríl var dálítil mannekla í skólanum og starfsemin á bókasafninu leið svolítið fyrir það, en Sigga V. stóð samt alltaf vaktina og hélt safninu snyrtilegu og skipulögðu eins og hennar er von og vísa.

Í maí hófst undirbúningsvinna fyrir nýtt bókasafnskerfi sem verið er að innleiða í sumar. Prófanir og yfirfærsla eru farnar af stað. Það verður því spennandi að sjá nýja kerfið þegar við mætum aftur í haust, en Landsbókasafn stendur fyrir fræðslunámskeiði fyrir starfsfólk á skólabókasöfnum í ágústbyrjun og ætti því allt að vera farið að skýrast í skólabyrjun. Innleiðingin ollí því að við urðum að vera óvenju snemma í því í ár að innkalla bækur og afskrá útlán nemenda, enda kerfið núna lokað síðustu daga skólaársins og ekkert hægt að vinna í safnkosti og skráningum fyrr en í haust. Þá má því búast við auknu álagi og flækjustigi vegna innleiðingar nýja kerfisins og það þarf að taka tillit til þess þegar næsta skólaár er skipulagt.

Kennsla á safninu

Nemendur á miðstigi fengu einhverja þjálfun á bókasafninu í íslenskunámi sínu. Þau áttu að vinna fræðibókaverkefni og læra þannig að notast við Dewey kerfið og að notast við efnisyfirlit bóka til að kynnast viðfangsefni þeirra. Bókakynningar voru haldnar, bæði um gamlar og góðar uppáhaldsbækur bókavardar, en einnig um nýútkomnar bækur.

Tveir umsjónarkennarar úr skólanum fóru á námskeið um læsi, áhrifavalda og áhugahvöt og eru staðráðnir í að nýta safnið mun betur á næsta ári til að kveikja áhuga nemenda á lestri, t.d. með stofnun bókaklúbba. Safnið nýttist þó einnig í verkefnavinnu vegna menntafléttunnar en yngsta stig og miðstig unnu samstarfsverkefni um læsi og notuðust við bókasafnið í því.

Það er þó ljóst að það mætti vera meiri kennsla á öllum stigum á bókasafninu og þyrfti að ráðstafa tímum í það í stundatöflu. Eftir menntafléttuna eru fullt af hugmyndum til staðar sem væri kjörið að setja í framkvæmd.

Sóley Bára Bergsteinsdóttir, júní 2022.

Samantekt tölvuumsjónarmanns vorið 2021

Tölvuumsjónarmaður sér um að aðstoða starfsmenn og nemendur skólans í flestu hvað varðar tölvumál eins og hans kunnátta ber til. Tölvuþjónustan ehf á Akranesi er með samning við skólann og aðstoða þeir mig með minniháttar viðgerðir en koma í skólann ef þess þarf. Í Heiðarskóla eru 12 fartölvur sem stjórnendur og kennarar hafa til umráða, 12 borðtölvur og um 100 spjaldtölvur sem bæði starfsfólk og nemendur hafa aðgang að. Nemendur hafa einnig aðgang að 20 chromebook fartölvum. Í vetur ætlaði skólinn að setja allar nemenda spjaldtölvurnar á sameiginlegan aðgang sem Tölvuþjónustan ætlaði að sjá um en eftir mikla vinnu var á endanum aðeins hægt að setja 9 spjaldtölvur á þannig aðgang en restin 65 spaldtölvur eru með ónýtt Apple-id.

Sigurður Tómasson, júní 2022

Samantekt matráðs vorið 2022

Tveir starfsmenn starfa í mötuneyti skólans, matráður í 100% starfshlutfalli og skólaliði í 91% starfshlutfalli. Helstu verkefni starfsmanna er að sjá um morgun- og hádegisverð, ávaxtastund, hressingu í frístund, þrif í mötuneyti og önnur tilfallandi verkefni t.d. kaffiveitingar á fundum þegar gestir eru í húsi. Matráður sér um að panta allt inn fyrir mötuneytið og gera matseðla í samráði við matráð í Skýjaborg. Í innkaupum er sparnaður hafður í huga ásamt því að versla í heimabyggð og kaupa íslensk matvæli eins og hægt er. Einnig er mikil áhersla á að nýta allt hráefni vel m.a. með því að frysta afganga og nýta síðar.

Markmið sjálfbærni og umhverfisverndar eru í hávegum höfð í mötuneytinu, það er m.a. gert með því að flokka, nýta fjölnota borðbúnað á útivistardögum ásamt því að huga að vistspori við innkaup og safna saman afgangum sem ekki er hægt að nýta síðar fyrir hænur í Hvalfjarðarsveit.

Í skólanum er boðið upp á hollan heimilismat sem eldaður er frá grunni. Unnið er eftir handbók um mötuneyti sem gefin er út af Landlæknisembættinu.

Það sem setti svip sinn á skólaárið og verður að teljast frekar óvenjulegt var annars vegar tímabundin lokun hluta mötuneytis og óvenju mikil forföll. Í kjölfar úttektar Verkís á loftgæðum í skólanum með tilliti til raka þurfti að ráðast í frekari skoðun á svæðinu og lagfæringar. Lokunin hafði heilmiklar breytingar í för með sér, m.a. þurfti að færa allt úr frysti- og kælisráp skólans í kæli- og frystiskápa sem staðsettir voru í matsalnum. Starfsmenn mötuneytis sýndu þessu óvænta verkefni mikinn skilning og lögðu sig fram um að láta allt ganga vel. Þrátt fyrir mikil forföll tókst líka alltaf að halda starfsemi mötuneytisins gangandi m.a. með því að kalla inn afleysingastarfsmenn þegar það var mögulegt og fá áhugasama nemendur til að aðstoða okkur.

Samstarf gekk vel og heilt yfir gekk skólaárið vel þrátt fyrir óvenjulegar aðstæður varðandi lokun og forföll og mikið álag á starfsmenn vegna þess á tímabili.

Sigríður Kristjánsdóttir og Sigríður Lára, júní 2021

7.5 Skýrslur Skýjaborgar 2021-2022

Hér koma skýrslur frá Skýjaborg. Í ár eru það tvær skýrslur, frá deildunum.

Deildarskýrsla Regnbogans 2021-2022

Starfsfólk deildarinnar í upphafi skólaárs

Sigurbjörg 100% deildarstjóri, hópsstjóri elsta árgangs, opnunarvakt. Aldís Ósk 100% leiðbeinandi hópstjóri miðjuhóps. Unnur Tedda leiðbeinandi hópstjóri yngsta árgangs. Ingibjörg Unnur 100% leiðbeinandi, aðstoð á deild. Védís Fríða 100% leiðbeinandi, aðstoð á deild. Guðrún 46% leiðbeinandi, afleysing, Grænfánaverkefnisstjóri. Þórdís kennari, verkefnisstjóri læsisverkefnis kemur á fimmtudögum. Ólöf sérkennari kemur á miðvikudögum. Ragnheiður talmeinafræðingur kemur að meðaltali einu sinni í mánuði í vetur.

Barnafjöldi í upphafi skólaárs

Börnin voru 24 þar af 5 tvítyngd.

Dagskipulag Regnbogans 2021-2022

Leikskólinn opnar á Regnboganum 7:30 með rólegri stund. Morgunmatur er 8:30. Kl. 9:00 er frjáls leikur/samvera/ávaxtastund fram að útiveru um 10:00. Hópastarf/hringleikur er á þriðjudögum og fimmtudögum. Á miðvikudögum er tónlist með Ögu. Hádegismatur er kl. 11:30. Eftir mat er næðisstund/hugarfrelsi (lestur, hlustun, jóga, slökun) 12:30 hefst frjáls leikur/útivera. Nónhressing er kl 14:30. Eftir hana er frjáls leikur/útivera til 16:00. Deildarnar sameinast á Dropa eða Regnboga í rólegri stund. Leikskólinn lokar 16:30.

Fastir sameiginlegir viðburðir deilda

Opið á milli deilda/deildarugl einu sinni í viku. Afmælissamvera er einu sinni í mánuði. Samsöngur er einu sinni í viku. Dagleg samvera er á útileiksvæði.

Starfið

Gildin okkar virðing, vellíðan, samvinna, metnaður endurspeglar allt starf okkar á deildinni sem og markmið námssviða leikskóla, læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi. Frjálsi leikurinn er ávallt í forgrunni, hann veitir frelsi til athafna, tjáningar og flæðisástands. Við vinnum eftir hugmyndafræði John Dewey, learning by doing, þar sem börnin fá tækifæri til að gera tilraunir með eigin hugmyndir upplifanir og reynslu. Við vinnum eftir hugmyndafræði Caroline Pratt um opin efnivið. Einingakubbar Caroline eru gott dæmi um opin efnivið.

Við vinnum eftir hugmyndafræði Gardners um fjölgreindarkenninguna, öll erum við sterk á ólíkum sviðum. Við leggjum rækt við þau svið sem eru sterk og notum til að styðja við önnur svið.

Hópastarf

Hver árgangur valdi sér nafn á hópinn sinn. Að þessu sinnu voru það Skrímslahópur, Kóngulóarhópur og Kisuhópur sem urðu fyrir valinu. Megin inntak hópastarfsins er: Málörvun, félagsfærni, hreyfing, sköpun, lýðræði, útinám, göngutúrar og könnunarverkefni, grænfánaverkefni, Lubbi, og Bína. Könnunarverkefni þetta skólaárið voru um ljón, líkamann og tígrisdýr.

Byrjendalæsi

Við búum börnunum læsishvetjandi umhverfi með góðu aðgengi að bókum og efnivið. Við vinnum með gæðatexta, þulur, vísur, söngva, spyrjum spurninga og gerum ritmálið sýnilegt. Orðaforði er undirstaða læsis og þess vegna reynum við að baða börnin í næringaríkum orðaforða með því að setja orð á athafnir, umhverfi, reynslu, upplifanir og tilfinningar. Við lesum daglega fyrir börnin og örvum hljóðkerfisvitundina með ýmsum leikjum og æfingum.

Hringleikur

Einu sinni í viku var búin til umgjörð utan um leik. Börnunum var skipt í hópa sem fór saman inn í skipulagt leikumhverfi. Þannig skapaðist tækifæri til að efla félagsþroska, úthald og einbeitingu í rólegu umhverfi og fylgjast náið með þroskaferli hvers og eins.

Við fórum í rök- og stærðfræðileiki, sköpunarleiki, söng-og tónlistarleiki, málörvunar-og Lubbaleik. Göngutúra- og útileiki. Hver leikur stendur í ca 15-20 mín.

Hugarfrelsi

Eftir hádegismat er róleg stund þar sem markmiðið er að efla andlega líðan og sjálfsmynd. Við nærum hugann með einföldum hugleiðsluæfingum, öndun, jóga, slökun og hlustun.

Danskennsla

Eftir tveggja ára hlé fengum við danskennslu.

Grænfánaleikskóli

Við settum okkur ný markmið til næstu tveggja ára. Að þessu sinni urðu þemun hnattrænt jafnrétti og lýðheilsa fyrir valinu. Í vetur unnum við með þemað hnattrænt jafnrétti.

Skráningar

Hljóm-könnun fyrir hljóðkerfisvitund. TRAS fyrir félagsþroska og málþroska. MIO fyrir styrkleika og veikleika á stærðfræðisviðinu.

Upplýsingaflæði

Við notum Karellen til að koma skilaboðum á framfæri og sendum fréttabréf reglulega um það sem er efst á baugi í starfinu. Foreldrar eru kallaðir til viðtals í tengslum við afmælisdag barnsins. Óski foreldri eftir viðtali utan þess tíma, finnum við tíma.

Vetrarstarfið þennan vetur einkenndist af mikilli stafsmannaveltu, nýliðapjálfun og veikindum bæði starfsfólks og barna.

Í mars greindust rakaskemmdir á Dropanum. Brugðist var við með því að flytja Dropann yfir á Regnbogann og tvo árganga á Regnboganum í Heiðarskóla. Viðgerðin tók þrjár og hálfa viku.

Kærleikskveðja frá öllum á Regnboganum,

Sigurbjörg deildarstjóri, júní 2022

Deildarskýrsla Dropans 2021-2022

Grunnupplýsingar

Það eru 16 börn á deildinni á aldrinum 1-3 ára.

Starfsmenn á Dropanum

Agnieszka Aurelia Korpak - deildarstjóri í 100%, umsjón með tónlistarstundum

Bára Tómasdóttir - leikskólakennari í 100%, umsjón með Lubbastund, byrjar í starfi deildarstjóra á Regnboganum í apríl 2022

Árdís Hauksdóttir - leiðbeinandi í 100%, aðstoð við daglegt starf

Hugrún Björt Hermannsdóttir - leiðbeinandi í 100%, aðstoð við daglegt starf

Hulda Margrét Brynjarsdóttir - leiðbeinandi í 100% starfi til 13. maí 2022

Aurelia Solovei - leiðbeinandi í 50% starfi frá september til nóvember 2021 og í 30% starfi frá desember 2021 til febrúar 2022

Karina - grunnskólakennari í 100 % starfi frá 31. janúar 2022

Kinga Korpak - leiðbeinandi í 100% starfi frá 15. mars 2022

Helstu verkefni/þemu

Helstu verkefnið í vetur snérust um að efla jákvæð samskipti hjá börnum sem leið til að auka félagsfærni þeirra, styrkja málvitund og sjálfsmynd þeirra. Á Dropanum er unnið með bækurnar um Bínu og námsefnið "Lubbi finnur málbein". Notkun bókana um Bínu styrkir boðskiptafærni og eflir málþroska hjá ungum börnum. Með Bínu læra þau viðeigandi boðskipti eins og að hlusta, bíða, gera til skiptis, setja sig í spor annara og muna hvað er sagt. Einnig hjálpa börnin Lubba að læra íslensku málhljóðin með söng og ýmsum öðrum æfingum.

Allt skólaárið er lögð áhersla á lestur, virka hlustun og söng á Dropanum. Með þessari vinnu eflist hljóðkerfisvitundin, málskilningurinn, orðaforði eykst, framburður verður betri og minnið þjálfast. Í söngstundum og tónlistartímum er unnið með aðferðir sem æfa virka hlustun og sem sameinar hreyfingu, söng og leik með notkun hljóðfæra eða tungumáls.

Upplýsingaflæði

Í september fengu foreldrar kynningu á vetrarstarfi Dropans. Fréttabréf um helstu verkefni, mikilvægar upplýsingar og væntingar deildarinnar eru sendar reglulega frá deildarstjóra Dropans til foreldra. Dagleg samskipti milli deilda og foreldra fara fram í gegnum Karellen kerfið, þar koma inn öll skilaboð og skráningar um mætingu, svefn, matarvenjur og þarfir. Við sérstakar aðstæður hringir deildastjóri eða tilnefndur starfsmaður í foreldra. Í öllum foreldraviðtölum er lögð áhersla á að foreldrar fái upplýsingar um þroska og líðan barnsins í leikskólanum og um starfsemi og áherslur á Dropanum.

Útinám

Nánasta umhverfi leikskólans og leikskólalóðin er nýtt til rannsókna og kannana. Í útiveru grípum við tækifæri til að vekja athygli barnanna á dýra- og plöntulífi og nýtum náttúru og umhverfi til að útfæra og æfa stærðfræðileg hugtök.

Leikurinn

Frjáls leikur er námsleið barnanna á Dropanum og vettvangur skapandi hugsunar þar sem barnið vinnur úr upplifunum sínum og rannsakar möguleika, þar velur það sér verkefni, hefur samskipti við önnur börn og skapar sér sitt smásamfélag. Börn finna sér alltaf leið til að leika. Þau hafa nefnilega þörf fyrir að eiga sitt einkalíf í leik og leika á eigin forsendum. Þau prófa sig áfram og læra að treysta á sig og vini sína.

Hugafrelsi

Á Dropanum er notað á sveigjanlegan hátt aðferðir Hugafrelsis: slökun, öndun, sjálfstyrking, hugleiðsla og jóga. Markmiðið er að bæta bæði andlega og líkamlega líðan barna og starfsmanna.

Gildi skólans

Unnið er með gildin leikskólans: virðing, vellíðan, metnaður og samvinna í öllu starfi á Dropanum. Virðing á sér stað í öllum samskiptum inn á deildinni: milli starfsfólks, í samskiptum starfsfólks og barna og milli barnanna sjálfra. Lögð er áhersla á gott skipulag sem er sveigjanlegt og hefur áhrif á vellíðan barna og starfsmanna. Metnaður og samvinna starfsfólks á sér stað í daglegu starfi og á deildarfundum þar sem lögð er áhersla á jákvæða samræðu og uppbyggingu á lærdómssamfélagi. Markmiðið á Dropanum er að skipuleggja umhverfi barnsins á þann hátt til að örva forvitni, frumkvæði og samvinnu við aðra.

Fastir sameiginlegir viðburðir deilda eru:

sameiginleg söngstund á föstudögum kl. 9:30 inni á Dropanum

afmælissamvera einu sinni í mánuði á Dropanum

deildarugl – opið á milli deilda einu sinni í viku

Litlu jólin og Öskudagur

Foreldrasamstarf

Á Dropanum er lögð áhersla á góð dagleg samskipti við foreldra. Í foreldraviðtölum situr deildarstjóri Dropans með foreldrum og fer yfir þroska og vellíðan barnsins, rætt er m.a. um: hvernig barninu gengur í leikskólanum í skipulögðum tíma og í frjálsum leik, um styrkleika barnsins og hvað má leggja meiri áherslu á, um samskipti og tengslamyndun barnsins við önnur börn og starfsfólkið. Auk þess eru foreldrar spurðir um væntingar þeirra til leikskólans. Allir foreldrarnir sögðu að þeir væru mjög ánægðir með starfsfólkið og starf þeirra á Dropanum. Þeir nefndu að börnin eru ánægð með það að mæta í leikskólann, að leikskólinn okkar væri þægilegur staður þar sem börnin finna strax öryggi og traust í garð starfsmanna. Flestir nefna að mikið væri gert, að börnin læra mikið, sérstaklega jákvæð samskipti þar sem félagslegsþroski þeirra blómstrar. Foreldrar skiluðu þakklæti sínu til starfsmanna Dropans fyrir frábært starf og umhyggju fyrir börnunum þeirra. Öllum foreldrum finnst Dropafréttirnar (upplýsingapósturinn) frábærar. Þeir eru ánægðir að sjá mikið á myndunum og myndböndunum og

nokkrir foreldrar nefndu að þeir setjist niður með börnum sínum og horfa saman á myndböndin. Þeim finnst þetta frábært tækifæri í að spjalla um hvað gerðist og hvernig var í leikskólanum. Það kom ein ábending að vantar að skrá betur máltíðir og svefn í Karellen. Auk þess upplifuðu foreldrar með ánægju skemmtilegar stundir með Lubba heima hjá þeim og skráðu þær í hefti. Markmiðið með þessu verkefni er að virkja samvinnu við heimili barnsins og gefa foreldrum tækifæri til þess að vera virkir þátttakendur í starfi leikskólans.

Lokaorð:

Í starfsmannahópi Dropans hefur verið mikil gleði og kærleikur en við upplifðum einnig mikla andlega þreytu á þessu ári. Í janúar óskuðum við eftir því að leikskólinn yrði skoðaður með tilliti til raka og myglu og aðili frá Verkís kom í byrjun mars og lokaði rými á Dropanum strax til að byrja viðgerðir. Nýja skipulagið var ekki auðvelt fyrir okkur en við reyndum að gera allt til að börnunum liði vel. Erfiðleikar jukust í byrjun apríl, við stóðum frammi fyrir sorglegri stöðu þegar vinkona okkar og starfsmaður Skýjaborgar, hún Aurelia Solovei, lést eftir baráttu sína við krabbamein.

Við erum þakklát fyrir frábæra samvinnu við foreldra. Markmið okkar var að leggja áherslu á vellíðan barnanna í gegnum allt skólaárið. Þau nutu sín mikið og með ánægju í frjálsum leik inni og úti og tóku þátt í lestri, söngstundum, dansi, hreyfingu og hátíðum.

Ég vil nota tækifærið til þess að þakka öllum starfsmönnum Dropans fyrir traust og frábært samstarf og öðrum starfsmönnum leikskólans fyrir samvinnu, hjálp og skilning.

Deildarstjóri Dropans

Agnieszka Aurelia Korpak, ágúst 2022

7.6 Dagar og viðburðir á skólaárinu

Hér fyrir neðan er farið yfir daga og viðburði á skólaárinu þar sem skólastarfið er brotið upp, í Skýjaborg annars vegar og í Heiðarskóla hins vegar.

Skýjaborg

Vel hefur gengið að skipuleggja daga og viðburði á skólaárinu tímanlega. Dagatal fyrir hvern mánuð hjálpar til við það. Dagatal er hengt upp í fataherbergi á báðum deildum og sett inn á heimasíðu skólans.

Foreldraviðtöl: Almenn foreldraviðtöl voru haldin í kringum afmælisdag barnsins, en foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við leikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennara.

Dagur læsis 8. september: Bækur sérstaklega velkomnar og þær skoðaðar og sumar lesnar.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september: Farið út í náttúruna í nágrenni leikskólans. Regnboginn fór í göngu í 100ekruskóginn okkar og Dropinn fór í styttri göngu.

Kynningarfundir að hausti (Dropinn 22. sept og Regnboginn 15. sept): Deildarstjórar fóru yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Bleikur dagur 15. október: Á bleika deginum sýnum við samstöðu, klæðumst bleiku og höfum bleikt í fyrirrúmi.

Umferðarvika 18.-22. október: Umferðarvika að hausti.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október: Þá máttu börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum. Haldið var náttfataball.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum. 3. bekkur kom í heimsókn og las fyrir börnin, reyndar ekki fyrr en 11. maí. Kristín Ragna Gunnarsdóttir rithöfundur, teiknari og grafískur hönnur kom og las fyrir börn 3. desember. Einnig fengum við að hlusta á rafrænan upplestur Ara H. G. Yates á einni bók sinni þann 8. desember.

Fullveldisdagurinn 1. desember: Tekið var upp atriði með skrímslahóp og 1. bekk og sent á foreldra þar sem Fullveldishátíðin féll niður v. Covid-19.

Smákökubakstur í byrjun des og piparkökur skreyttar: Börn og starfsfólk hjálpuðust að við skera út piparkökur í ýmsum stærðum og gerðum. Börnunum var boðið að koma með kökukefli, piparkökuform og svuntu að heiman og nýttu einhverjir sér það. Þetta var svo allt nýtt í sameiningu.

Aðventan: Þann 4. desember var áætlað foreldrakaffi sem er róleg stund með foreldrum, boðið upp á kaffi og heimabakaðar smákökur. Það féll niður v. Covid-19. Þann 16. desember héldum við litlu jólin hér í Skýjaborg. Þá hittumst við saman á Regnboganum, sungum jólalög og dönsuðum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn var hátíðarmatur. Í kringum aðventuna höfum við fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Að þessu sinni var það leiksýningin Strákurinn sem týndi jólnum sem sýnt var 7. desember. Lagt er upp með að aðventan sé róleg, fjarri stressi og hraða sem myndast oft í þjóðfélaginu á þessum tíma árs.

Kveikt á jólatrénu, 26. nóvember: Börn og starfsfólk fóru og tendruðu ljósin á jólatrénu hjá Stjórnsýsluhúsinu. Við gengum í kringum jólatréð og sungum nokkur jólalög, gott veður og gekk mjög vel. Eftir að búið var að kveikja á jólatrénu bauð starfsfólk stjórnsýslu okkur inn fyrir og gáfu mandarínur.

Bóndadagskaffi 22. janúar: Féll niður v. Covid-19.

Þorrinn: Á þorranum æfa börnin þorralög og einn dag var haldið þorrablót. Á þorranum var áætlað að halda rafmagnslausan dag, en hann féll niður.

Dagur leikskólans 6. febrúar (héldum upp á hann 8. feb): Dagur leikskólans er haldin hátíðlegur ár hvert þann 6. febrúar. Það bar á sunnudag í ár, svo planið var að gera eitthvað skemmtilegt mánudaginn 7. febrúar. Óveður lagði strik í reikninginn og einungis 7 börn mættu í hús. Við gerðum okkur því glaðan dag þriðjudaginn 8. febrúar. Við útbjuggum skemmtilegt sameiginlegt verkefni með handafari barnanna sem mætt voru ásamt því að bjóða upp á vöfflukaffi. Það var fámenn en góðmennt vegna færðar og covid ástands en dásamlegur dagur í alla staði.

Tannverndarvika 31. janúar-4. febrúar: Farið var yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

Konukaffi 18. febrúar: Féll niður v. Covid-19.

Bolludagur 28. febrúar: Boðið var upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjórabollur í kaffitíma. Sum börnin gerðu bolluvendi og fóru með heim.

Sprengidagur 1. mars: Boðið var upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 2. mars: Allir máttu koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá komu allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (poppið úr pappakassanum) og haldið var ball.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars: Í tilefni hans er boðið upp á allskonar stærðfræði þrautir fyrir alla aldurshópa.

Dans: Jóhanna danskennari kom og hafði 5 danstíma fyrir hópinn í mars. Að þessu sinni var hluti barnanna í leikskóla í Heiðarskóla og því voru 4 skipti tvöföld, annars vegar fyrir leikskólabörn í Heiðarskóla og hins vegar fyrir leikskólabörn í Skýjaborg. 5. skiptið var opinn tími þar sem foreldrum var boðið að koma og fylgjast með. Þá var búið að opna Dropann og því voru öll börnin saman þennan 5. og síðasta tíma.

Blár dagur í apríl: Við höfum sýnt einhverfum stuðning og samstöðu með bláum degi, en í ár var bláum apríl breytt í einstakan apríl og blár dagur féll því niður.

Dagur umhverfisins, 25. apríl (héldum upp á hann 28. apríl): Þá var farið út að tína rusl.

Vorskóli elstu barna: 3., 4. og 5. maí var útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fóru börnin með skólarútunni að heiman, sóttu Heiðarskóla þrjá heila daga og komu ekkert í leikskólann.

Foreldrakaffi, 17. maí: Þar sem öll kaffi vetrarins féllu niður var skellt í eitt foreldrakaffi í maí frá 8:30-9:30. Stefnt var á það í mars, en vegna lokunar Dropans gekk það ekki upp.

Sveitaferð, 19. maí: Farið var í sveitaferð að Bjarneyjarsandi.

Útskrift, 25. maí og vorhátíð Skýjaborgar og foreldrafélagsins: Í samstarfi við foreldrafélagið var haldinn útskrift elsta árgangs og vorhátíð foreldrafélagsins og Skýjaborgar í framhaldi. Börnin fóru með þulu og sungu lag. Eftir útskrift hlupu allir út í sumarið á vorhátíð. Í garðinum var hoppukastali, sápukúlur o.fl. Boðið var upp á pylsur, djús og ís. Heiðmar trúbador mætti og tók nokkur lög.

Umferðarvika 23.-27. maí og hjóladagur 24. maí: Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá vikuna.

Vorsýning í Stjórnsýsluhúsinu: Vorsýning var haldin í Stjórnsýsluhúsinu, sett upp 11. maí (fyrir sveitarstjórnakosningar) og stóð hún út maí.

Sumardagskrá Skýjaborgar: Hefð er fyrir útidótadegi og síðustu ár hefur búningadagur einnig verið. Ákveðið var í ár að bjóða upp á fleiri uppbrotsdaga. **Útidótadagur: 2. júní:** Börnum boðið upp á að koma með dót sem mætti vera bæði úti og inni. **Búningadagur: 8. Júní. Bangsa- og náttfatadagur 15. júní. Innidótadagur 22. júní. Útidóta- og náttfatadagur 29. júní.**

Útskriftarferð, 9. júní: Útskriftarhópurinn fór í útskriftarferð á Akranes. Farið var á Slökkviliðsstöðina, bókasafnið, Galito og Langasand.

Óveðursdagar: Eitt sinn þurfti að fresta opnun leikskólans til 9:30 vegna slæms veðurs (7. febrúar). Leikskóli í Heiðarskóla var lokaður tvo daga vegna veðurs (14. og 17. mars).

Mannekla: Biðlað var til foreldra þeirra sem gátu sótt fyrir þann 4. nóvember, opið var til 16:30 fyrir þá sem þurftu. Leikskólinn lokaði kl. 16:00 þann 10. nóvember ásamt því að 4 börn voru heima vegna manneklu (eða send heim). Opnunartími var stytur í 8-16 þann 14. febrúar. Biðlað var til foreldra barna á Regnboga/Heiðarskóla að sækja fyrir eða um 15:30 þann 16. mars, opið var til 16:30 með einum starfsmanni fyrir þá sem þurftu. Leikskólinn í Skýjaborg lokaði kl 15:30 þann 18. mars (Regnboginn í Heiðarskóla var opin). Leikskólinn lokaði kl. 16:15 þann 27. maí. Regnboginn lokaði kl. 12:00 þann 30. maí vegna manneklu og 7 börn heima allan daginn.

Vegna ástandsins þegar menn mættu að morgni 4. mars og lokuðu Dropanum starfsfólki að óvörum var biðlað til foreldra (á hvorri deildinni sem er) sem geta að hafa börn heima eða stytta leikskóladaginn eins og mögulegt var. Að auki lokaði leikskólinn kl. 11:30 þann 8. apríl vegna jarðarfara Aureliu Solovei starfsmanns Skýjaborgar.

Heiðarskóli

Skólasetning 23. ágúst: Skólasetning Heiðarskóla var stutt og tvískipt vegna covid. Foreldrar mættu með grímur og ekki var boðið upp á kaffiveitingar af sömu ástæðu. Skólastjóri kynnti komandi skólaár og setti skólann. Námsþópar hittu umsjónarkennara í heimastofum og fengu afhentar stundatölur.

Haustferðir 25. ágúst: Unglingastig hjólaði frá Heiðarskóla í Skorradal þar sem til stóð að gista í Skátaskálanum. Þar kom í ljós að skálinn hafði verið tvíbókaður og hinn hópurinn kominn í skálann. Unglingarnir fengu gistingu í Lundareykjadal og rúta flutti hópinn þangað og aftur til baka morguninn eftir og nemendur hjóluðu þaðan í Heiðarskóla. Miðstig fór í gönguferð á Akrafjall. Yngsta stig fór í fjöruna við Súlunes.

Miðstigsleikar í Borgarnesi 26. ágúst: Féllu niður vegna covid.

Dagur læsis 8. september: Hvert og eitt stig vann verkefni í tilefni dagsins.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september: Skólastarfið fór fram í Álfholtsskógi, lögð áhersla á náttúruupplifun og samveru.

Smiðja unglinga 23. september: Unglingar lengur í skólanum og gátu valið um íþróttir eða heimilisfræði.

Einstaklingsviðtöl við nemendur í september: Umsjónarkennarar tóku einstaklingsviðtöl við hvern og einn nemanda, áhersla á markmiðssetningu.

Langur dagur hjá nemendum á hverju stigi og kynningarfundir fyrir foreldra í september og október: Nemendur á hverju stigi voru lengur í skólanum í fjölbreyttum verkefnum með umsjónarkennurum. Foreldrar komu síðan á kynningarfund hjá umsjónarkennurum sem kynntu skólastarfið. Fyrirhuguð samverustund nemenda, foreldra og starfsmanna féll niður vegna covid.

Kartöflur: Yngsta stig tók upp kartöflur.

Skólabúðir á Reykjum 27. – 30. september: 8. bekkur í skólabúðum á Reykjum (var frestað vegna covid skólárið 2020 – 2021).

Olympíuhlaup ÍSí: Nemendur hlupu ýmist 2,5 eða 5 km. Einstaka nemendur fóru 10 km.

Foreldraviðtöl 12. október: Umsjónarkennarar tóku ýmist síma- og eða myndsímtöl við foreldra og í sumum tilvikum líka nemendur.

Bleikur dagur: Á bleika deginum sýndum við samstöðu og þeir sem vildu klæddust bleikum fötum.

Skólabúðir á Laugarvatni 18. – 22. október: Nemendur í 9. bekk dvöldu í skólabúðum með nemendum úr samstarfsskólunum á Vesturlandi. Upp kom smit í skólabúðunum og allir voru sendir fyrir heim í sóttkví.

Umhverfispema 9. – 12. nóvember: Hvert og eitt stig vann verkefni tengt vatni, fyrirhuguð foreldrasýning féll niður vegna heimsfaraldurs og gildandi takmarkana. Ekki var heldur mögulegt að vera með aldursblandaða stöðvavinnu eins og til stóð af sömu ástæðu.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Í tilefni af Degi íslenskrar tungu kom rithöfundurinn Kristín Ragna Gunnarsdóttir þann 7. desember og las upp fyrir nemendur skólans úr nýju bókinni sinni "Nornasaga 3: Þrettándinn" ásamt því að kynna aðrar bækur fyrir nemendum. Einnig fengu nemendur í 1. – 7. bekk að hlusta á rafrænan upplestur Ara H. G. Yates á einni bók sinni þann 8. desember.

Smiðja unglinga 26. nóvember: Nemendur í unglingadeild voru lengur í skólanum og æfðu leikrit fyrir Fullveldishátíð.

Eldvarnarfræðsla 29. nóvember: Tveir slökkviliðsmenn heimsóttu nemendur í 3. bekk og voru með eldvarnarfræðslu.

Slökkvistöðin í desember: Nemendur í 3. bekk heimsóttu slökkvistöðina á Akranesi og fengu góða fræðslu og móttökur.

Fullveldisdagurinn 1. desember: Tekið var upp atriði með Skrímslahóp, 1. bekk og 2. bekk og sent á foreldra þar sem Fullveldishátíðin féll niður vegna covid. Unglingastigið setti upp leikrit sem sýnt var í matsalnum fyrir nemendur og starfsmenn. Leiksýningin var tekin upp og til stóð að senda á foreldra en það tókst ekki vegna tæknilegra vandamála með iPada.

Jólaútlit Grunnskólans í Borgarnesi: Þrír nemendur úr unglingadeild tóku þátt, upp kom smit og nemendurnir fóru í sóttkví.

Litlu jólin 17. desember: Vegna covid var ekki hefðbundið jólaball heldur sátu nemendur í sætum á stigskiptum svæðum og sungin voru jólalög. Haldin voru stofujól og að lokum var borðaður hátíðarmatur; hangikjög og meðlæti og ís í eftirrött. Möndluleikur og bækur í verðlaun.

Bóndadagurinn 21. janúar: Unglingar bökuðu í tilefni dagsins og gæddu sér á bakkelsinu.

Foreldraviðtöl 27. janúar: Nemendur og foreldrar mættu velflestir í skólann og viðtölin voru nemendastýrð. Nemendur voru sjálfir búnir að undirbúa sig og stýrðu viðtalinu, sögðu frá framgangi í námi, markmiðum og líðan.

Þorrablót 3. febrúar: Þorramatur á borðum, ekki var hægt að vera með skemmtun á sal vegna gildandi takmarkana en hvert og eitt stig gerði blótinu hátt undir höfði með fjölbreyttum verkefnum í heimastofu.

Smiðja unglinga 10. febrúar: Nemendur í unglingadeild í námsverkefnum fram eftir degi. Í boði var pílukast á Akranesi, íþróttir eða heimilisfræði.

Konudagurinn 18. febrúar: Nemendur í unglingadeild mættu með bakkelsi að heiman og gerðu sér glaðan dag.

Skólabúðir á Reykjum 14. – 18. mars: Nemendur í 7. bekk fóru í skólabúðirnar og unnu fjölbreytt verkefni ásamt nemendum úr samstarfsskólunum á Vesturlandi.

Bolludagur 28. febrúar: Skólahald féll niður vegna veðurs en deginum voru gerð skil með rjómobollum daginn eftir.

Sprengidagur 1. mars: Saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 2. mars: Búningadagur í skólanum, nammistöðvar og hæfileikakeppni.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars: Hvert og eitt stig var með spennandi stærðfræðiverkefni.

Stóra upplestrarkeppnin í Borgarnesi 17. mars: Þrír fulltrúar nemenda í 7. bekk fóru og tóku þátt í keppninni sem fór fram meðal samstarfsskólanna á Vesturlandi. Tveir tóku þátt og stóðu sig með stakri þryði.

Danskennsla í mars: Jóhanna danskennari kom og kenndi 9 danstíma fyrir hvern og einn námshóp. Síðasti tíminn var opinn og foreldrum boðið að koma og fylgjast með.

Tæknimessa 31. mars: Nemendur í unglingadeild kynntu sér alls kyns tækni ásamt jafnöldrum á Vesturlandi í Fjölbautarskólanum á Akranesi, á Breiðinni og Grundartangasvæðinu.

Góðgerðarverkefni 31. mars: Umhverfisnefnd skólans samþykkti að standa fyrir góðgerðarverkefni og safna fé til styrktar hjálparstarfi í Úkraínu. Haldið var bingó, vöfflusala var á staðnum ásamt fatamarkaði. Samtals söfnuðust 214.000 kr.

Dagur umhverfisins 25. apríl: Gestafyrirlesari og fulltrúar nemenda úr umhverfisnefnd með erindi um fatasóun, hreinsun og tiltekt utandyra. Grillpinnar í matinn ásamt maísstönglum og allir borðuðu úti.

Árshátíð Heiðarskóla 28. apríl: Nemendur í 3. – 7. bekk sáu um fjölbreytt atriði, 2 leikrit og nokkur tónlistaratriði. Mikil gleði var með árshátíðina því 3 ár voru liðin síðan sambærileg skemmtun var haldin í skólanum vegna heimsfaraldursins.

Vorskóladagar og starfskynningar 3. – 5. maí: Elsti árgangur Skýjaborgar mætti með skólabílum í skólann og tók þátt í skólastarfinu samkvæmt stundaskrá. Nemendur í 1. – 9. bekk æfðu sig fyrir komandi skólaár með því að færast upp um bekk. Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningar.

Hjóladagar 9. – 31. maí: Þeir nemendur sem vildu mættu með hjól, línuskauta eða hlaupabretti og fengu að nota á skólatíma.

Smíðja unglunga 12. maí: Unglingar voru lengur í skólanum og fengu að velja um pílukast eða textílmennt.

Survivordagur 20. maí: Skólastarfið fór fram í Álfholtsskógi. Áður hafði nemendum verið skipt upp í aldursblönduð lið sem fengu það hlutverk að hanna eitthvað sem flýtur, útbúa sprellatriði og velja nafn á hópinn sinn. Fjölbreytt verkefni í skóginum í skemmtilegum ratleik. Grillaðir hamborgarar í matinn.

Vorferð unglunga 23. – 25. maí: Nemendur í unglingadeild fóru í Heydal á Vestfjörðum og fóru m.a. á kajak og hestbak.

Geðlestin 27. maí: Góðir gestir mættu í heimsókn og fræddu nemendur í unglingadeild um mikilvægi þess að rækta góða geðheilsu ekki síður en líkamlega heilsu. Auk þess voru nemendur fræddir um bjargir og mikilvægi þess að leita sér hjálpar ef þeir finna fyrir andlegri vanlíðan. Í kjölfarið hélt Emmsjé Gauti frábæra örtónleika fyrir alla nemendur skólans.

Gróðursetningardagur 30. maí: Gróðursett voru tré úr uppeldisreit skólans norðan megin við skólahúsnaðið. Einnig voru settar niður kartöflur.

Unicef – hreyfingin 30 maí: Þríþætt verkefni í samstarfi við Unicef sem snýr að fræðslu, hreyfingu og fjáröflun. Að þessu sinni snéri fræðslan að fordómum. Nemendur gengu/hlupu og söfnuðu stjörnum í svokallaðan heimspassa, sá sem lengst fór hljóp 12,4 km. Fjáröflunarhlutinn er valfrjáls.

Íþróttadagur 31. maí: Nemendur tóku þátt í fjölbreyttum íþróttum og valinn var stigahæsti nemandinn úr hverjum bekk, stigahæsti bekkurinn og stigahæsti nemandi skólans. Einnig var haldin tölkeppni.

Vorferðir í 1. – 7. bekk: Nemendur í 1. – 4. bekk fóru á Langasand og í skógræktina á Akranesi. Nemendur í 5. – 7. bekk fóru á Þingvelli.

Útskrift 10. bekkinga og vorhátíð Heiðarskóla og foreldrafélagsins 2. júní: Nemendur í 1. – 9. bekk mættu ásamt foreldrum og hittu umsjónarkennara í heimastofum og fengu afhentan vitnisburð vutarins ásamt birkiplöntu. Eftir afhendingu vitnisburðar hlupu allir út í sumarið á vorhátíð. Á skólalóðinni voru hoppukastali og vatnsrennibraut. Boðið var upp á pylsur, djús og ís. Heiðmar trúbador mætti og tók nokkur lög. Nemendur í 10. bekk mættu síðan í útskrift ásamt nánustu aðstandendum. Hátíðarkvöldverður að útskrift lokinni.

Óveðursdagar: Alls féll skólahald niður í 6 daga vegna veðurs, slæmrar veðurspár eða færðar á akstursleiðum skólabílanna. Það verður að teljast óvenjumikið t.d. féll enginn skóladagur niður árið áður. Auk þess var einu sinni keyrt fyrr heim vegna útfarar. Einn skóladag var mjög hvasst og stífur norðanstrengur með blindum skafrenningi við Heiðarskóla og víðar. Aðstæður voru hættulegar og eftir á að hyggja hefði ekki átt að vera skóli þennan dag. Brunavarnarkerfi skólans fór t.a.m. af stað og starfsfólk stóð frammi fyrir þeim veruleika að ekki var hægt að rýma skólann eins og hefði átt að gera vegna veðurofsans. Sem betur fer var um bilun í brunavarnarkerfinu að ræða og enginn eldur.

Forföll á vorönn: Óvenju mikið var um forföll meðal starfsmanna og nemenda meðan á takmörkunum vegna heimsfaraldur stóð og einstaklinar settir í sóttkví eða einangrun. Einnig var óvenjumikið um forföll eftir að öllum takmörkunum vegna heimsfaraldurs var aflétt. Þegar mest var vantaði um helming nemenda í skólann og þriðjung starfsmanna. Skólanum var þó ekki lokað vegna þessa en erfitt reyndist að halda sig við námsáætlanir og skipulag.

Úttekt á vegum Verkís á Heiðarskóla með tilliti til raka og loftgæða: Starfsmaður á vegum Verkís gerði úttekt á skólanum í nóvember og í kjölfarið var hluta af list- og verkgreinarými lokað ásamt hluta af mötuneyti. Farið var eins fljótt og mögulegt var í nauðsynlegar framkvæmdir á lokuðu svæðunum. Eftir lagfæringar voru svæðin opnuð aftur, mötuneytið í lok febrúar og list- og verkgreinarými um miðjan mars. Bæði svæðin voru þrífín af utanaðkomandi fyrirtæki fyrir opnun.

Tónlistarskólinn á Akranesi: Tónlistarskólinn á Akranesi hélt úti kennslu í Heiðarskóla. Kennt var á gítar og píanó. Af og til voru haldnir hádegistónleikar í matsal skólans á vegum Tónlistarskólans.

Morgunsöngur: Morgunsöngur þar sem allir nemendur skólans hittust í matsalnum og sungu saman var að jafnaði einu sinni í mánuði.

8 Foreldrasamstarf

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla á foreldraráð að starfa í leikskólum og skólaráð í grunnskólum. Samkvæmt lögum má sameina þessi tvö ráð í sameinuðum skóla og var það gert í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar árið 2011. Starfsáætlun og helstu verkefni skólaráðs má finna í skólanámskránni og einnig heimasíðu skólans:

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/skolarad-1>

8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Skólastjórar sitja í skólaráði og boða til funda þrisvar sinnum á ári. Auk skólastjóra sitja í skólaráði þrír fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi almennra starfsmanna, tveir fulltrúar barna og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Skólastjórar hvetja foreldra til að bjóða sig fram til setu í skólaráði haust hvert. Ef ekki tekst að fá fulltrúa foreldra með því móti sér stjórn Foreldrafélags Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar um að velja þrjá fulltrúa sína til setu í skólaráði, tvo af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði.

Í skólaráði 2021-2022 eru:

- Ásdís Björg Björgvinsdóttir, fulltrúi foreldra í Skýjaborg
- Bára Tómasdóttir, fulltrúi foreldra í Heiðarskóla
- Berglind Ó. Jóhannesdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar
- Helgi Pétur Ottesen, fulltrúi foreldra í Heiðarskóla
- Katrín Rós Sigvaldadóttir, náms- og starfsráðgjafi og fulltrúi kennara í Heiðarskóla
- Rakel Sunna Bjarnadóttir, fulltrúi nemenda úr 10. bekk
- Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla
- Sigríður Vilhjálmsdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna í Heiðarskóla
- Sigurbjörg Friðriksdóttir, deildarstjóri og fulltrúi kennara í Skýjaborg
- Stefanía Ottesen, fulltrúi nemenda úr 9. bekk

Starfsáætlun skólaráðs:

- 1. fundur (september – október): Nýir skólaráðsfulltrúar boðnir velkomnir og farið yfir hlutverk skólaráðs, starfsáætlanir kynntar, farið yfir skólareglur. Upphaf skólaársins rætt. Árs- og sjálfsmatsskýrsla frá árinu áður lögð fram. Tillögur ráðsins fyrir fjárhagsáætlunarvinnu næsta árs lagðar fram. Önnur mál er tengjast skólastarfinu.
- 2. fundur (febrúar – mars): Ýmis mál er tengjast skólastarfinu, farið yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs.
- 3. fundur (apríl – maí): Farið yfir starfsmannapörf skólans fyrir næsta skólaár og farið yfir breytingar ef þær liggja fyrir á þessum tímapunkti. Starfsáætlanir Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar komandi skólaárs kynntar og lagðar fram til samþykktar.

Verkefni skólaráðs eru að:

- Fjalla um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir er varða skólastarfið.
- Fjalla um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefa umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Taka þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- Fylgjast með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð barna.
- Fjalla um skólareglur og umgengnishætti í skólanum.
- Fjalla um erindi frá fræðslunefnd sveitarfélagsins, foreldrafélagi, kennarafundum, almennum starfsmannafundum, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum og veita umsögn sé þess óskað.
- Taka þátt í öðrum verkefnum á vegum fræðslunefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra barna, foreldra eða starfsfólks skóla.

Fundargerðir skólaráðs má finna á slóðinni: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/skolarad-1>

8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Í stjórn foreldrafélagsins sitja 6 foreldrar, þrír fulltrúar grunnskólans og þrír fulltrúar leikskólans, auk tveggja starfsmanna af sitthvoru sviðinu.

Í aðalstjórn foreldrafélagsins 2021 - 2022 eru:

- Ásdís Björg Björgvinsdóttir
- Inga Lóa Karvelsdóttir
- Sigurður Arnar Sölvason
- Sunnar Rós Svansdóttir
- Unnur Tedda Þorgrímsdóttir
- Agnieszka Aurelia Korpak

Áheyrnarfulltrúar

- Guðrún Magnúsdóttir, starfsmaður Skýjaborg

Varastjórn:

- Guðlaug Ásmundsdóttir
- Ingibjörg Sigmundsdóttir
- Elín Ósk Gunnarsdóttir
- Sara Ósk Bjarnadóttir

Foreldrafélagið fundaði reglulega á skólaárinu og má finna fundargerðir félagsins á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/foreldrafelag>

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum árlegum viðburðum.